

Handbók um umhverfismál ferðapjónustunnar

**1. útgáfa,
júní 2009**



Handbók um umhverfismál ferðaþjónustunnar

© Stefán Gíslason, UMÍS ehf. Environice

www.umis.is

Gefin út að frumkvæði Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
með stuðningi Starfsmenntaráðs

Yfirlestur og ráðgjöf:

Arnheiður Hjörleifsdóttir og Birgitta Stefánsdóttir

Forsíðumynd: Jóhanna Stefánsdóttir

(Myndin er tekin á slóðum Egils Skallagrímssonar við Borgarvog)

Inngangur

Þessi handbók um umhverfismál ferðaþjónustufyrirtækja er skrifuð sem leiðarvísir og uppflettirit fyrir ferðaþjónustuna á Vesturlandi, með það að markmiði að nýtast annars vegar sem námsefni á námskeiðum fyrir starfsfólk greinarinnar og hins vegar við stjórnun fyrirtækjanna og kynningu inn á við jafnt sem út á við. Ætlunin er að í framhaldinu geti bókin nýst ferðaþjónustufyrirtækjum í öðrum landshlutum, enda innihaldið ekki bundið staðháttum nema að litlu leyti.

Umhverfismál verða sífellt fyrirferðarmeiri í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar hefur reynslan sýnt að bætt frammistaða í umhverfismálum skilar sér yfirleitt í betri rekstri, því að umhverfislegur sparnaður og fjárhagslegur sparnaður fara oftast en ekki saman. Hins vegar gera viðskiptavinirnir sífellt meiri kröfur um að þjónustan sem þeir kaupa sé veitt í sem mestri sátt við umhverfi og samfélag. Í þessum kröfum endurspeglast sú mikla umhverfisvakning sem orðið hefur á síðustu árum, ekki síst í framhaldi af vísbendingum um loftslagsbreytingar af mannavöldum og rýrnun náttúrulegra gæða.

Með allt þetta í huga er ljóst að umhverfismál verða sífellt mikilvægari í markaðssetningu og ímyndarsköpun ferðaþjónustufyrirtækja. Þess vegna er líka mikilvægt að starfsfólk í greininni geti með einföldum hætti aflað sér upplýsinga um helstu áhrif ferðaþjónustufyrirtækja á umhverfi sitt nær og fjær og um það hvernig unnt er að draga úr þessum áhrifum í daglegum rekstri, um leið og leitast er við að bæta fjárhagslega afkomu.


Borgarnesi 17. júní 2009
Stefán Gíslason
UMÍS ehf. Environice

Efnisyfirlit


1. Ferðaþjónusta og umhverfi.....	5
2. Helstu umhverfisvandamál samtímans	7
2.1 Gróðurhúsaáhrif/loftslagsbreytingar.....	7
2.2 Tap líffræðilegrar fjölbreytni	8
2.3 Efnamengun	9
2.4 Stærsta umhverfisvandamálið?	9
3. Umhverfismál í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja	10
3.1 Orka.....	10
3.2 Flutningar	13
3.3 Hreinsiefni.....	16
3.4 Pappír og einnota vörur.....	19
3.5 Matvæli	22
3.6 Úrgangur	25
3.7 Vatn og frárennsli	28
3.8 Annað.....	31
4. Umhverfismerki og innkaup.....	34
5. Umhverfisvottun ferðaþjónustufyrirtækja.....	36
6. Upplýsingar og fræðsla.....	40
7. Nánari upplýsingar og heimildir	41

1. Ferðapjónusta og umhverfi

Ferðapjónustan er vafalítið sú atvinnugrein heimsins sem vex hraðast, þó að reyndar megi finna einstakar undirgreinar í örari vexti, svo sem framleiðslu á lífrænum vörum og nýjum lausnum í orkumálum. Þannig fjölgaði ferðamönnum á heimsvísu um rúm 50% á 10 ára tímabili frá 1997-2007 mælt í fjölda heimsókna erlendis frá. Þetta samsvarar árlegum vexti upp á 4,2%. Reyndar var vöxturinn um 7% á ári á tímabilinu 2003-2007, en aðeins um 2% árið 2008. Þá var kreppan farin að segja til sín, en erfitt er að spá um áhrif hennar. Flestir eru þó á því að nú taki við stöðnun hvað fjölda ferðamanna varðar, en um leið gæti ferðamátinn breyst, m.a. eftir heimshlutum. Eftirfarandi mynd frá Alþjóðaferðamálastofnuninni (UNWTO) sýnir í grófum dráttum þróun síðustu ára og spá til ársins 2020. Þarna er ekki búið að gera ráð fyrir áhrifum kreppunnar.



Ferðapjónustan á Íslandi hefur vaxið enn hraðar en heimsmeðaltalið. Undanfarin ár hefur erlendum ferðamönnum sem heimsækja landið fjölgað um u.þ.b. 10% á ári, en auðvitað er erfitt að spá fyrir um þróun allra næstu ára. Eftirfarandi línurit yfir heildarfjölda erlendra ferðamanna á Íslandi 1949-2008 er fengið af vef Ferðamálastofu.



Ferðapjónustan á Íslandi er mjög háð náttúrunni. Kannanir benda til að íslensk náttúra sé það sem laðar flesta ferðamenn til landsins (um 75% sumargesta). Með það í huga er augljóst hversu mikilvægt það er fyrir atvinnugreinina að viðhalda þessari auðlind. Í raun er náttúran helsta söluvara ferðapjónustunnar á Íslandi. Ef náttúrunni hnignar „hverfur varan úr hillunum“. Saga landsins og menning hafa einnig mikið aðdráttarafl.

Ferðapjónustan getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Neikvæðu áhrifin felast einkum í eftirtöldum þáttum:

1. Eyðing náttúruauðlinda

- ✔ Vatn (ekki stórt vandamál á Íslandi)
- ✔ Jarðvegseyðing og landeyðing
- ✔ Eyðing óendurnýjanlegra auðlinda (svo sem olíu)
- ✔ Eyðilegging búsvæða dýra eða plantna (skóga, votlendis, o.s.frv.)

2. Mengun

- ✔ Loftmengun
- ✔ Gróðurhúsaáhrif
- ✔ Úrgangur og rusl
- ✔ Skólpmengun
- ✔ Sjónmengun
- ✔ Hávaði

3. Áhrif á ásýnd og yfirborð („fýsísk áhrif“)

- ✔ Átroðsla (skemmdir á jarðmyndunum, menningarminjum o.s.frv.)
- ✔ Truflun lífríkis

4. Áhrif á samfélagið

- ✔ Útrýming staðbundinna hefða og menningar
- ✔ Breyting á samfélagsgerð og lífsstíl
- ✔ Ónæði

Áhrifin geta einnig verið jákvæð, t.d.:

- ✔ Bein og óbein framlög til umhverfisverndar
- ✔ Bættur efnahagur
- ✔ Aukin þekking og víðsýni
- ✔ Fjölbreyttari atvinnutækifæri
- ✔ Styrking staðbundinna hefða og menningar

Hér gildir sem víðar, að það sem einum finnst neikvætt getur öðrum þótt jákvætt.


Eins og fram hefur komið er ferðapjónustan ört vaxandi atvinnugrein. Eftirspurn eftir umhverfisvænni, sjálfbærri eða náttúrutengdri ferðapjónustu mun þó að öllum líkindum aukast á næstu árum langt umfram annan vöxt í greininni. Þar kemur einkum tvennt til; annars vegar aukið sjaldgæfi eða skortur á raunverulegri náttúrupplifun og hins vegar breyttar áherslur ferðamanna. Af þessum sökum felast jafnvel enn stærri sóknarfæri í umhverfisvænni ferðapjónustu en í öðrum hlutum greinarinnar. Hér gildir að skapa sér ímynd sem sker sig úr ímynd annarra fyrirtækja. En þessi ímynd verður að byggja á traustum grunni. Um þann grunn verður fjallað hér á eftir.

2. Helstu umhverfisvandamál samtímans

Þessi handbók rúmar ekki langa eða ítarlega umfjöllun um þau umhverfisvandamál sem samtíminn á við að glíma. Hér verður því aðeins stiklað á stóru, rétt til að minna á hvers vegna umhverfisstarf í ferðaþjónustufyrirtækjum er svo mikilvægt.

Orsakir umhverfisvandamála


Áhrifum mannsins á umhverfið er stundum lýst með jöfnu Pauls Ehrlich, $I = PCT$, sem lítur einhvern veginn svona út í myndrænni íslenskri útgáfu:



Áhrifin eru sem sagt einhvers konar margfeldi af mannfjölda, neyslu hvers einstaklings og tækninni sem beitt er við neysluna. Í þróunarlöndum ráðast áhrifin fyrst og fremst af mannfjöldanum, en á Vesturlöndum vegur neyslan þyngst, því að þar notar hver einstaklingur margfalt magn af efni og orku miðað við einstakling í þróunarlandi.

2.1 Gróðurhúsaáhrif/loftslagsbreytingar

Umræðan um loftslagsbreytingar af mannavöldum hefur ekki farið fram hjá neinum, enda eru loftslagsbreytingar að flestra mati stærsta ógnin sem steðjar að mannkyninu um þessar mundir. Málið er á margan hátt flókið, en þó að grunni til einfalt. Gróðurhúsaáhrifin byggjast á því að tiltekna lofttegundir gleypa hitabylgjur frá jörðinni og endurvarpa þeim aftur til jarðar. Þess vegna hækka hitastig á jörðinni smátt og smátt eftir því sem magn þessara lofttegunda eykst.



Gróðurhúsaáhrifin eru náttúrulegt fyrirbæri, og án þeirra væri ekki líft á jörðinni fyrir kulda. Það eru því ekki gróðurhúsaáhrifin sem slík sem eru vandamálið, heldur þau viðbótaráhrif sem mennirnir valda umfram það sem náttúran ræður við. Veigamesta ástæðan fyrir þessari þróun er brennsla á jarðefnaeldsneyti, þ.e.a.s. kolum, olíu og jarðgasi. Við brennsluna losnar koltvísýringur sem bætist við þann koltvísýring sem

fyrir er í lofthjúpnum af náttúrulegum ástæðum. Koltvísýringur er ósýnilegur og styrkurinn í lofthjúpnum í raun afar lágur, eða um 0,39 prómill. Fyrir daga iðnbyltingarinnar var hann hins vegar aðeins um 0,27 prómill. Þó að styrkurinn sé svona lítill hefur hann áhrif á loftslagið, en þar koma reyndar fleiri lofttegundir við sögu.

Vísindamenn hafa spáð því að loftslagsbreytingarnar hafi m.a. eftirfarandi í för með sér:

- 🟢 Hækkun meðalhitastigs við yfirborð jarðar um 1,8-4,0°C á þessari öld
- 🟢 Hækkun yfirborðs sjávar um 18-59 cm á sama tíma
- 🟢 Aukin úrkoma/auknir þurrkar (mjög breytilegt eftir svæðum)
- 🟢 Tilfærsla á gróðurbeltum og röskun vistkerfa
- 🟢 Breytt tíðni óveðra og fellibylja
- 🟢 Aukið tjón vegna storma og flóða
- 🟢 Breytt útbreiðsla sjúkdóma

Áhrifin verða líklega mjög breytileg eftir heimshlutum, en til að sporna við þessari þróun þarf mannkynið að leita allra leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda sem mest af því sem losnar.

2.2 Tap líffræðilegrar fjölbreytni

Maðurinn tekur sífellt meira pláss í náttúrunni – og að sama skapi þrengir að öðrum tegundum. Ný landsvæði eru tekin undir byggð á hverjum degi, jafnvel á Íslandi, þar sem þéttbýlið dreifir úr sér og sífellt stærri landsvæði eru tekin undir sumarhúsabyggðir. Annars staðar er landið brotið til ræktunar, landsvæði fara undir uppistöðulón og vegir eru lagðir um áður ósnortin svæði. Gjarnan er haft á orði að lífverur á þessum svæðum geti farið „eitthvert“ annað, en með sama áframhaldi verður samt þölmörkunum náð einhvern daginn. Afleiðingin verður skerðing lífríkisins og minnkandi fjölbreytni. Sama má reyndar segja um gróður, landslag og jarðfræðileg fyrirbæri. Í þessu sambandi er stundum talað um „Salami-áhrif“. Þó að maður skeri aldrei nema þunna sneið af pylsunni í einu, þá endar samt með því að pylsan klárast. Og þá er ekki lengur hægt að bjóða hana gestum.

Ágengar tegundir eru ein helsta ógnin við fjölbreytni lífríkisins á Íslandi. Með ágengum tegundum er átt við plöntu- og dýrategundir sem fluttar eru í ný heimkynni til ræktunar eða annarra nota, viljandi eða óvart. Þær breiðast síðan út á nýja staðnum og valda tjóni á villtri náttúru eða ræktarlandi, t.d. vegna þess að þær eiga enga náttúrulega óvini á nýja staðnum, eða þá að þær standa sig betur í samkeppninni um fæðu en tegundirnar sem fyrir eru. Dæmi um slíkar tegundir á Íslandi eru minkur, alaskalúpína og skógarkerfill.

Ferðamenn geta auðveldlega borið með sér nýjar tegundir. Og athafnir ferðaþjónustunnar geta líka skaðað líffræðilega fjölbreytni með öðrum hætti. Þess vegna gegnir ferðaþjónustan lykilhlutverki í að fræða um náttúruna og benda á leiðir til að vernda hana sem best.

2.3 Efnamengun

Daglega notum við ýmis manngerð efni, sem eru náttúrunni framandi. Uppsöfnun slíkra efna í náttúrunni er eitt af helstu umhverfisvandamálum samtímans, því að mörg þeirra hafa skaðleg áhrif á heilsu og umhverfi til lengri tíma lítið. Mikill árangur hefur náðst í þeirri viðleitni að hætta að nota ýmis slík efni, svo sem skordýraeitrið DDT, sem heyrir nú að mestu sögunni til. En sífellt koma ný efni til sögunnar, m.a. í framleiðslu á hreinsiefnum, snyrtivörum og fatnaði. Í þessum flokki eru ýmis ilmefni og rotvarnarefni, svo og efni sem gefa hlutum meiri styrk, minnka viðloðun o.s.frv. Sum þessara efna geta valdið ofnæmi, haft áhrif á frjósemi og jafnvel stuðlað að krabbameini. Þessu til viðbótar notum við ýmis sterk efni við þrif og til annarra nota. Þar má nefna klór, bensín og olíur, lífræn leysiefni í málningu o.s.frv.

Þungmálmar eru náttúrulegir, en engu að síður geta þeir verið skaðlegir heilsu og umhverfi þar sem styrkur þeirra er óæskilega hár. Dæmi um þungmálma er blý í rafgeymum bíla, kadmíum í sumum rafhlöðum og kvikasilfur í hitamælum og sparperum.

Mörg þessara efna flokkast sem spilliefni. Séu þau á annað borð notuð, er nauðsynlegt að fylgja leiðbeiningum í hvívetna og koma efnaleifum í viðeigandi endurvinnslu eða förgun. Í öllum sveitarfélögum eiga að vera móttökustöðvar sem taka við spilliefnum. En best er samt að reyna að komast hjá því að kaupa þau og nota, því að betra er heilt en vel gróið.



2.4 Stærsta umhverfisvandamálið?

Kannski er stærsta umhverfisvandamál heimsins hvorki gróðurhúsaáhrif, skerðing líffræðilegrar fjölbreytni eða efnamengun, heldur einfaldlega sú trú eða skoðun einstaklingsins að það sem hann gerir eða gerir ekki hafi engin áhrif á heildina. Þetta er það sem kalla mætti **mengun hugarfarsins**. Mahatma Gandhi sagði einhvern tímann, að við yrðum sjálf að vera breytingin sem við viljum sjá í heiminum. Höfum það í huga!

*We must be the change we wish to see
(M.K. Gandhi)*

3. Umhverfismál í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja

Lítum nú á nokkra helstu umhverfisþættina í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja, hvar sem er í heiminum.

3.1 Orka

Vandamálið

Íslensk raforka og íslenskt hitaveituvatn skipta litlu máli í umræðunni um loftslagsbreytingar. Þess vegna er ekki ástæða til að líta á þessa þætti sem vandamál í því samhengi. En eftir því sem minni orka er notuð, þarf auðvitað minna að virkja. Og þó að íslenskar virkjanir hafi ekki mikil áhrif á loftslagið, þá fylgir þeim mikið rask á landi, skerðing búsvæða og jafnvel efnamengun. Svo eru líka orkukaup stór kostnaðarliður hjá mörgum ferðaþjónustufyrirtækjum, sérstaklega á köldum svæðum.

Ísland er betur sett hvað orkunotkun varðar en flest önnur lönd, þar sem hér hafa nær öll fyrirtæki greiðan aðgang að endurnýjanlegri orku. Ljós og tæki eru nær undantekningarlaust knúin með rafmagni frá vatnsafls- og gufuaflsvirkjunum, og húsnaði hitað upp með jarðvarma. Á köldum svæðum er þó rafmagnið einnig notað til hitunar. Það hefur ekki endilega augin umhverfisáhrif í för með sér, en er í flestum tilvikum miklu dýrara. Þess vegna er full ástæða til að spara orkuna þar sem það er hægt, enda víða hægt að spara án þess að gæðin rýrni.

Lausnin felst, hér eins og annars staðar, aðallega í bættu „heimilishaldi“, þ.e.a.s. í því að nýta orkuna sem best. Til þess eru margar leiðir færar. Engin ein aðgerð leysir allan vanda, en þegar allt er lagt saman getur ávinningurinn orðið mikill. Og hér gildir það sem víðar, að umhverfislegur og fjárhagslegur sparnaður fara saman.


Góð ráð um orkunotkun	Búið og gert	Stendur til	Nei takk!
✔ Velja umhverfismerkt raftæki			
✔ Notað sparperur þar sem það er hægt			
✔ Setja upp hreyfiskynjara fyrir ljós			
✔ Slökkva ljós sem ekki eru í notkun			
✔ Slökkva á tækjum sem ekki eru í notkun			
✔ Mæla eigin notkun til að greina sparnaðartækifærin			
✔ Notað blöndunartæki með hitastilli			
✔ Notað rafmagn frekar en gas til eldamennsku			
✔ Nýta upphitunar- og kólnunartíma ef unnt er			
✔ Staðsetja frysti- og kælitæki í köldu rými			
✔ Halda frysti- og kælitækjum hreinum			
✔ Stilla innihita í hóf			
✔ Fræða starfsfólk og gesti			

UMHVERFISMERKT RAFTÆKI

Oftast er frekar auðvelt að finna umhverfismerkt raftæki þegar kemur að því að velja búnað við uppbyggingu og endurnýjun. Þar koma ýmis merki að góðum notum. Þar má m.a. nefna ameríska merkið Energy Star, sem sést á ýmsum raftækjum á markaði hérlandis, einkum skrifstofutækjum. Einnig má nefna Norræna Svaninn, en hann er víðtækari. Þar eru með öðrum orðum gerðar kröfur um margt fleira en orkunotkun tækjanna. Sömu sögu er að segja um þýska merkið Bláa engillinn og sænska TCO-merkið. Svanurinn og Engillinn eru talin í hópi fjögurra traustustu umhverfismerkja í heimi, skv. alþjóðlegri skýrslu frá árinu 2008.

**ORKUMERKI ESB**

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins eru framleiðendur og seljendur frysti- og kælikápa, uppþvotta- og þvottavéla, þurrkara og bókunarofna skyldugir að merkja vörur sínar með þessu merki. Bókstafirnir A til G lýsa orkunotkun tækjanna. A-merktu tækin nota hlutfallslega minnsta orku, en G-merktu tækin hlutfallslega mesta. Nú er reyndar farið að nota A+ og A++ á frysti- og kælikápa, því að orkunýtingin hefur batnað svo mikið síðan kerfið var upphafleg innleitt. Í framtíðinni verða væntanlega teknir upp flokkarnir A1, A2 og A3, þar sem A3 er best.

**ÓDÝRAST = HAGKVÆMAST?**

Sparperur eru fljótar að borga sig. Þær eru mun dýrari en aðrar perur, en endast líka um það bil 8 sinnum lengur og nota í mesta lagi 1/7 af orkunni fyrir sama ljósmagn. Sparperur nýtast best þar sem ljósin loga lengst, svo sem á göngum í vinnurými og í útiljósum. Sparperur eru gott dæmi um dýran hlut sem hefur mun lægri líftímakostnað en ódýrari hlutur til sömu nota. Það ódýrasta er nefnilega ekki alltaf hagkvæmast!



SLÖKKVUM LJÓSIN

Það borgar sig næstum alltaf að slökkva ljós sem ekki eru í notkun. Allt annað er bara þjóðsaga. Kannski stýttist endingartími ljósanna eitthvað, en orkusparnaðurinn vegur það upp. Þetta gildir líka um flúrperur og litlar sparperur, alla vega ef meira en 15 mínútur líða fram að næstu notkun. Hreyfiskynjarar eru góð lausn til að koma í veg fyrir að ljós logi að óþörfu, t.d. á snyrtingum.

SLÖKKVUM Á TÆKJUM

Enn mikilvægara er að slökkva á tækjum sem ekki eru í notkun, því að annars fer mikil orka til spillis. Margir trúa því að það sé betra fyrir sum tæki, t.d. tölvur, að ekki sé slökkt á þeim þegar vinnudeginum líkur. Það er einfaldlega rangt.

EKKERT „STAND-BY“

Orkunotkun tækja í hvíldarham („stand-by“) leynir á sér. Þar eru sjónvörp, myndbandstæki, geisla-spilarar o.fl. fremst í flokki. Áætlað er að þessi notkun sé um 8-15% af allri raforkunotkun heimila á Vesturlöndum. Þekkt dæmi eru um að venjulegt íslenskt heimili hafi getað lækkað rafmagnsreikninginn sinn um 10.000 kr. á ári með því einu að sjá til þess að slökkt væri á öllum tækjum þegar þau voru ekki í notkun. Best er að nota fjöltengi með rofa til að tryggja að enginn straumur komist í tækin.



FYLGJUMST MEÐ

Forsenda þess að hægt sé að spara, er að vita hversu miklu maður eyðir. Hægt er að mæla rafmagnsnotkun einstakra tækja með einföldum rafmagnsmæli sem fæst í sumum raftækjaverslunum. Til einföldunar má gera ráð fyrir að raforkukostnaður fyrir hvert watt (W) sé um 80 krónur á ári (með vsk), miðað við samfellda notkun allt árið. Samkvæmt því kostar það t.d. 8.000 krónur á ári að láta 100 W peru loga allan sólarhringinn.

HÓFLEGUR HITI

Það er dýrt að hafa of heitt inni hjá sér, hvort sem það er á heimili eða á hóteli. Þegar innihitinn er hækkaður um 1°C, hækkar orkunotkunin og þar með kostnaðurinn um u.þ.b. 5%. Það er líka hægt að ná töluverðum sparnaði með því að lofta skynsamlega út. Dyr og gluggar ættu ekki að standa opin að óþörfu. Betra er að lofta vel út en hafa lokað þess á milli.

STADARDAGSKRÁ 21
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

ORÐ DAGSINS

Þessi síða hefur að geyma orð, tilvitnanir, hugmyndir og vangaveltur til að staldra við í erli dagsins.

27. október 2005

Bretar eyða árlega um 123 milljónum sterlingspunda, jafnvirði 13,2 milljarða íslenskra króna, með því að slökkva ekki á tölvum vinnustaða í lok vinnudags. Þetta kemur fram í úttekt tölvuframleiðandans Fujitsu Siemens, sem gerð var opinber á dögnum í tilefni orkusparnaðarviku sem nú stendur yfir í Bretlandi. Í tilefni af þessu hefur Fujitsu Siemens hleypt af stokkunum „Stóra slökkviátakinu“ (Big Turn Off campaign) til að vekja athygli á þessari miklu sóun.

Lesið frétt Breska orkusparnaðarsjóðsins í gær og umfjöllun á vefsíðum Fujitsu Siemens

„Orð dagsins“ birtast flesta virka daga á heimasíðu Staðardagskrár 21 á Íslandi í boði Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins. „Orðin“ byggja ætíð á traustum heimildum. (Sjá www.samband.is/dagskra21)



3.2 Flutningar

Vandamálið

Líklega eru flutningar stærsta einstaka umhverfismálið í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Flest flutningatæki ganga fyrir jarðefnaeldsneyti, þ.e.a.s. bensíni eða díselolíu. Þetta eru auðlindir sem ganga til þurrðar með tímanum, eru sem sagt óendurnýjanlegar. Við brennslu þessa eldsneytis losna líka gróðurhúsalofttegundir, sem stuðla að loftslagsbreytingum. Flutningum fylgir líka slysaætta, slit á vegum, landnotkun undir samgöngumannvirkni o.fl.

Ferðaþjónustufyrirtæki eru eðli málsins samkvæmt mjög háð flutningum. Skipta má flutningunum í þrjá meginflokka eftir því hvað flutt er:

- 🌱 Ferðamenn
- 🌱 Starfsfólk
- 🌱 Vörur

Allir flutningar hafa einhver áhrif á umhverfið. Áhrifin ráðast af ýmsum þáttum, svo sem vegalengdum, þyngd farmsins, eldsneytinu sem notað er o.s.frv. Auk heldur vega flutningar af ýmsu tagi þungt í fjárhagsbókhalði ferðaþjónustufyrirtækja. Þess vegna er rík ástæða til þess, hvernig sem á það er lítið, að forðast óþarfa flutninga.

Við flutninga er notuð mikil orka. Þess vegna á umfjöllum um flutninga eiginlega heima í orkukaflanum hér að framan, en til einföldunar er frekar fjallað um flutninga í sérstökum kafla, þ.e.a.s. þessum hér.

Engin ein einföld leið dugar til að koma í veg fyrir öll umhverfisvandamál sem tengjast flutningum. En margar smáar lausnir geta hafa verulegar úrbætur í för með sér, bæði fyrir umhverfið og fjárhaginn. Þessar lausnir snúast m.a. um að nota sparneytin flutningatæki, nýta tækin sem best og velja bestu aðferðirnar eða flutningsleiðirnar eftir aðstæðum hverju sinni. Það skiptir líka máli hvaða vara er valin við innkaup, því að allar vörur eiga sér sína flutningssögu.

Góð ráð um flutninga	Búið og gert	Stendur til	Nei takk!
🌱 Leita eftir samstarfi við bílaleigur o.fl.			
🌱 Hvetja starfsfólk til grænni ferðalaga			
🌱 Kaupa vörur úr nágrenninu			
🌱 Skipuleggja pantanir og innkaup			
🌱 Flytja vörur og fólk helst í fullhlöðnum bílum			
🌱 Finna lausnir í samráði við birgja			
🌱 Leita eftir samstarfi við aðra kaupendur			
🌱 Nýta hráefnin betur og flokka allan úrgang			
🌱 Nota umhverfisvænna eldsneyti, ef hægt er			
🌱 Kolefnisjafna flutninga			
🌱 Fræða starfsfólk og gesti			

FERÐIR TIL LANDSINS

Flestir erlendir ferðamenn koma til Íslands með flugi. Flugvélar nota mikla óendurnýjanlega orku, því að þær ganga jú allar fyrir jarðefnaeldsneyti. Hins vegar geta einstakir ferðaþjónustuaðilar ekki haft mikil áhrif á þessa orkunotkun.



FERÐIR INNANLANDS

Innanlands koma fleiri ferðamátar til greina. Einhverjir taka innanlandsflug, en flestir ferðamenn fara um landið í bílaleigubílum eða rútum. Einstakir ferðaþjónustuaðilar hafa takmörkuð áhrif á þetta, nema þá bílaleigur og rútufyrirtæki. Önnur fyrirtæki í greininni geta hins vegar leitað eftir samstarfi við þau til að stuðla að því að ferðamenn eigi kost á sem umhverfisvænstum fararskjótum, svo sem sparneytnum bensín- og díselbílum, tvinnbílum, metanbílum og jafnvel vetnisbílum eða rafbílum. Ef nógu margir vekja athygli á þessu hefur það með tímanum áhrif á þá valkosti sem ferðamönnum eru boðnir. Þær bílaleigur og rútufyrirtæki sem verða fyrst til, geta náð markaðslegu forskoti, og olíusparnaður rútufyrirtækja getur orðið verulegur ef vel er á málum haldið.

Hópbílar hf. hafa um árabíl unnið eftir umhverfisstaðlinum ISO 14001, en fyrirtækið fékk vottun skv. staðlinum haustið 2004. Að sögn Pálmars Sigurðssonar, gæða- og umhverfisstjóra Hópbíla hafa miklir fjármunir sparast á þessum tíma, m.a. vegna minni olíunotkunar. Ímynd fyrirtækisins hefur batnað og samkeppnisstaðan eflst. Og síðast en ekki síst hefur dregið verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum af rekstri fyrirtækisins.



Á LEIÐ Í VINNUNA


Flest ferðaþjónustufyrirtæki geta haft áhrif á það hvernig starfsfólk ferðast til og frá vinnu. Þetta er bæði hægt að gera með fræðslu og með því að umbuna þeim sem nota visthæfan ferðamáta, koma t.d. gangandi, hjólandi, í almenningsfarartækjum, á visthæfum bíl eða margir saman í bíl. Oftast eru margir starfsmenn á sömu vakt, sem þýðir að þeir byrja á sama tíma og hætta á sama tíma. Í slíkum tilfellum er upplagt að hvetja til samaksturs.

SKROPPIÐ Í KAUPSTAÐ

Vöruflutningar til Íslands fara fram með skipum og flugvélum, og einstakir ferðaþjónustuaðilar hafa ekki mikið um það að segja. Innanlands sjá flutningabílar um stærstan hluta flutningsins. Þá skiptir miklu máli að bílarnir nýtist sem best og séu ekki á ferðinni milli landshluta hálfþómir. Endastöðvar bílanna eru á helstu þéttbýlisstöðum, og þá er eftir að koma vörunni heim í hlað hjá ferðaþjónustufyrirtækinu. Þetta er leyst með ýmsum hætti, en oftast þurfa menn sjálfsagt að „skreppa í kaupstað“ eftir þessum aðföngum. Þá skiptir máli að skipuleggja ferðirnar vel, þannig að ekki þurfi að skreppa eftir smáræði í einu. Slíkt kostar mikinn tíma og olíu – og þar með peninga. Með góðri yfirsýn yfir lagerhaldið er hægt að komast hjá mörgum óþörfum ferðum til að sækja smáræði í einu. Þetta er mikilvægara en marga grunar! Svo er líka upplagt að sammælast við nágrannana þar sem það hentar. Þannig má fækka ferðum enn frekar.

BÍLVEIKUR MORGUNVERÐUR

Þrátt fyrir allt sem hér hefur verið sagt, skiptir oft enn meira máli hvar varan er framleidd. Eftirfarandi samantekt úr Morgunblaðinu frá því í október 2007 gefur hugmynd um mikilvægi upprunans í umhverfislegu tilliti.



ÆVISAGA VÖRUNNAR

Sérhver vara á sér sína flutningssögu. Kjöt eða grænmeti úr næsta nágrenni veldur þannig miklu minna álagi á umhverfið en sams konar vörur úr öðrum heimshlutum. Það borgar sig að líta sér nær. Það er bæði til hagsbóta fyrir umhverfi og samfélag.

ÚRGANGUR Á FERÐALAGI

Þeir sem nýta hráefnin vel og flokka allan úrgang, leggja líka sitt af mörkum til að draga úr flutningum. Ef vara fer í súginn að óþörfu þarf að flytja nýja á staðinn auk þess sem flytja þarf þá gömlu á haugana. Þetta skiptir miklu máli fyrir umhverfið – og ekki síður fyrir þingjuna.

KOLEFNISJÖFNUN

Flutningar eru óhjákvæmilegir. Þegar leitað hefur verið allra leiða til að draga úr þeim, kemur til greina að kolefnisjafna það sem eftir standur. Kolviður er einn þeirra aðila sem býður upp á slíka lausn, (sjá www.kolviður.is). Gegn vægu gjaldi tekur Kolviður að sér að planta trjám sem binda jafnmikið kolefni og losnar í viðkomandi flugferð eða vegna aksturs viðkomandi bíls. Kolefnisjöfnun er ekki allra meina bót, en hún er alla vega hluti af lausninni.



*Ef þú veist ekki hvert þú ert að fara
er mikil hætta á að þú lendir
einhvers staðar annars staðar
(Lawrance Peters)*

3.3 Hreinsiefni

Vandamálið

Ferðapjónustufyrirtæki nota hreinsiefni af ýmsu tagi. Nægir þar að nefna þvottaefni fyrir þvottavélar, uppþvottaefni, hreingerningarefni af ýmsu tagi, sápur og sjampó. Mörg þessara efna eru skaðleg fyrir umhverfið, t.d. þegar þau sleppa út í náttúruna með frárennsli. Mörg þeirra geta líka verið ofnæmisvaldandi eða óholl að öðru leyti fyrir fólkið sem umgengst þau. Þau eru líka dýr og gagnsemi þeirra gjarnan ofmetin.

Flestir hafa tilhneigingu til að velja of sterk hreinsiefni og nota of mikið af þeim. Í þessu sambandi vakna nokkrar spurningar:

- ✔ Er meira betra?
- ✔ Eru tengsl milli hreinlætis og hreinsiefnalyktar?
- ✔ Þekkjum við einhvern með ofnæmi?
- ✔ Ef við eigum tvo valkosti, þar sem annar er betri en hinn, bæði fyrir heilsuna, umhverfið og fjárhaginn – hvorn veljum við þá?

Lausnin felst í því að fara sparlega með, því að meira er ekki endilega betra. Réttar skammtastærðir eru mikilvægar, og svo skiptir auðvitað meginmáli að velja þau efni sem hafa minnst neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu. Þar koma umhverfismerkingar í góðar þarfir. Stundum eru efni líka alveg óþörf, eins og sýnt hefur verið fram á með notkun örtrefjasklúta við þrif. Hér fer umhverfislegur og fjárhagslegur sparnaður saman.

STADARDAGSKRÁ 21
SAMBAÐ ÍSLENSKRA SVEITARFELAGA

ORÐ DAGSINS

Þessi síða hefur að geyma orð, tilvitnanir, hugmyndir og vangaveltur til að staldra við í erli dagsins.

19. maí 2004

Húsráðin hennar ömmu duga yfirleitt jafnvel og „nýmóðins“ blettahreinsiefni til að fjarlægja erfiða bletti. Auk heldur eru ráðin hennar ömmu yfirleitt minna skaðleg fyrir umhverfi og heilsu. Samt kaupa Danir árlega um 320 tonn af blettahreinsiefnum. Þetta kemur fram í nýrri athugun dönsku umhverfisstofnunarinnar, Miljøstyrelsen.

Lesið **grein í maihefti MiljøNyt**

Góð ráð um hreinsiefni	Búið og gert	Stendur til	Nei takk!
✔ Velja umhverfismerkt efni			
✔ Nota ekki meira en þarf			
✔ Fylla þvottavélina og sleppa forþvottinum			
✔ Hvetja gesti til að nota handklæðin aftur			
✔ Nota ekki mýkingarefni sé þess kostur			
✔ Nota ekki lyktarkúlur eða lyktarúða			
✔ Nota trefjasklúta við þrif			
✔ Fræða starfsfólk og gesti			

SVANURINN ER BESTUR

Auðvelt er að finna umhverfismerkt hreinsiefni til flestra nota. Það gildir jafnt um þvottaefni, uppþvottaefni, uppþvottalög, alhliða hreinsiefni, salernishreinsi og margt fleira. Óhætt er að mæla sérstaklega með hreinsiefnum sem vottuð eru með Norræna Svaninum. Svanurinn tryggir ekki aðeins að efnið sé umhverfisvænna en gengur og gerist með efni til sömu nota, heldur þarf varan líka að standast gæðapróf.

Flestir birgjar eiga gott úrval af Svansmerktum hreinsiefnum, og vafalítið geta allir birgjar útvegað þau, ef þeir eru beðnir um það. Evrópublómið gerir í grófum dráttum sama gagn, en er sjaldséðara hérlandis. Sænska merkið Bra Miljöval er byggt á sömu hugmyndafræði og er til á ýmsum hreinsiefnum.

**LÍFRÆNT VOTTUÐ HREINSIEFNI**

Viða er líka hægt að kaupa hreinsiefni með lífræna vottun. Lífrænu vottunarmerkin tryggja að varan sé framleidd með lífrænum aðferðum, sem þýðir m.a. að engin varnarefni eða tilbúinn áburður hafa verið notuð við ræktun á plöntum sem voru notaðar í vöruna. Meira er fjallað um lífræna vottun annars staðar í þessari handbók.

MEIRA ER EKKI ALLTAF BETRA!

Meira er ekki alltaf betra! Þannig getur ein matskeið af þvottaefni dugað til að þvo fulla þvottavél, og ein teskeið eða hálf tafla af uppþvottaefni getur dugað í uppþvottinn. Þegar efnin hafa gert sitt gagn, skolest það sem eftir er af þeim einfaldlega út í frárennslið. Þar geta þónokkrir þúsundkallar sloppið óséðir burt á ári hverju! Og það er algjör misskilningur að halda að þvottur sé hreinn ef það er þvottaefnislykt af honum. Lyktin segir manni þvert á móti að þvotturinn er mengaður af hreinsiefnum!

ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ ÞVO ÞAÐ SEM HREINT ER

Það eru gömul sannindi og ný að það borgar sig ekki að þvo hrein föt. Þess vegna skiptir miklu máli að hótलगestir noti handklæðin sín sem oftast áður en þau eru þvegin, rétt eins og þeir gera sjálfsagt heima hjá sér. Í raun ætti það sama að gilda um rúmfötin. Alla vega er ástæða til að gefa fólki þennan valkost og benda því á hann. Þannig sparast bæði þvottaefni, orka og peningar.

**MÝKINGAREFNI ERU HÖRÐ EFNÍ**

Mýkingarefni eru góð til síns brúks, en þau hafa líka sína galla. Þau innihalda nefnilega efni sem eru skaðleg umhverfinu, og í flestum þeirra eru ilmefni og rotvarnarefni, sem eru í mörgum tilvikum ofnæmisvaldar, en hafa alls ekkert með hreinlæti að gera. Mýkingarefni draga úr þurrkhæfni, sérstaklega bómullarefna. Þess vegna er einkar óhentugt að nota mýkingarefni við þvott á handklæðum, þvottapokum, borðtuskum o.þ.h. Sömuleiðis ætti aldrei að nota mýkingarefni á trefjaklúta, því að þau draga úr virkni trefjanna. Loks má nefna að sveppamygla kvað vera algengari í þvottavélum þar sem notuð eru mýkingarefni. Sjálfsagt eiga ekki öll ferðapjónustufyrirtæki auðvelt með að hætta að nota mýkingarefni, en þau ættu alla vega að draga úr notkun þeirra eftir föngum. (Meiri fróðleik um mýkingarefni er m.a. að finna á heimasíðu Staðardagskrár 21 á Íslandi, nánar tiltekið á:

www.samband.is/template1.asp?id=2261).

ÚT MEÐ VELLYKTANDI!

„Vellyktandi“ kúlur, spjöld, úði eða salernissteinar eru engin þarfaþing, heldur líkleg til að gera mun meira ógagn en gagn. Lyktin af þeim getur vissulega yfirgnæft aðra lykt, sem þykir kannski verri, en nánast allar vörur af þessu tagi innihalda ofnæmisvaldandi efni. Þær ætti að forðast.

**ÖRTREFJAKLÚTAR ERU ÞARFAÞING**

Örtrefjaklútar eru mesta þarfaþing við hreingerningar. Í rannsókn sem Umhverfisstofnun Bandaríkjanna gerði á stóru sjúkrahúsi í Kaliforníu fyrir nokkrum árum kom m.a. fram, að miðað við hefðbundnar aðferðir hafa þrif með örtrefjaklútum í för með sér:

- 🌱 60% sparnað við kaup á moppum og tilheyrandi
- 🌱 95% sparnað við kaup á hreinsiefnum
- 🌱 20% sparnað í vinnuafli við þrif
- 🌱 99% fækkun á bakteríum
(í stað 30% með hefðbundnum aðferðum)!



Þetta segir svo sem allt sem segja þarf. Hægt er að kaupa heilu þrifakerfin sem byggja alfarið á örtrefjaprifum. Þau eru eilítið dýrari en hefðbundnir ræstivagnar með venjulegum moppum og tilheyrandi, en sá verðmunur er fljótur að skila sér eins og dæmið hér að ofan bendir til. Ef við eigum tvo valkosti, hví skyldum við þá velja þann sem er dýrari, verri fyrir umhverfið og heilsuna og skilar lakari árangri???

BEINT Í ÆÐ

Sápur og sjampó hafa dálitla sérstöðu meðal hreinsiefna, því að þau eru sett beint á líkamann. Það þýðir að eitthvað af þeim efnum sem finnast í þessum vörum kemst inn í líkamann í gegnum húðina. Vörur af þessu tagi geta innihaldið margvísleg óholl aukaefni, svo sem ilmefni og rotvarnarefni, t.d. parabena. Best er að nota þessar vörur sparlega og velja umhverfismerkta tegundir. Á hótélum er líka sjálfsagt að setja upp skammtara með umhverfismerkum sápuendum í stað þess að bjóða gestum þessi efni í einnota bréfum. Þannig notast minna af efnum og umbúðir sparast.

STADARDAGSKRÁ 21
SAMBAÐ ÍSLENSKRA SVEITARFELAGA

ORÐ DAGSINS

Þessi síða hefur að geyma orð, tilvitnanir, hugmyndir og vangaveltur til að staldra við í erli dagsins

27. október 2008

... Samkvæmt könnun sem Umhverfisstofnun Danmerkur (Miljøstyrelsen) lét nýlega gera, nota rúmlega 70% 13-16 ára stúlkna snyrtivörur með ilmefnum daglega. Nær þriðjungur þeirra hefur fengið exem, útbrot eða kláða í tengslum við þessa notkun...

Lesið frétt IMS 24. október sl., skoðið heimasíðu átaksins, www.hudallergi.dk og rifjið upp „Orð dagsins“ 29. september sl.

*Svo þarf ég að greiða dýru verði
það sem er verst
(Megast)*

3.4 Pappír og einnota vörur

Vandamálið

Það þarf hráefni og orku til að framleiða vörur. Með framleiðslu á einnota vörum eru auðlindir jarðar illa nýttar – og sumar þeirra munu ganga til þurrðar með tímanum. Vara sem verður fljótt að úrgangi skapar líka ýmis umhverfisvandamál. Einnota vörur kalla á mikla flutninga, því að alltaf þarf að flytja að nýja vöru í stað þeirrar sem fleygt er. Mikilli notkun á einnota vörum fylgir líka óþarfur kostnaður.

Pappír er til margra hluta nytsamlegur, ýmist sem skrifstofupappír, salernispappír, eldhúsbref, servíettur, pappírþurrkur eða eitthvað enn annað. Einnota vörur eru líka mikið notaðar í ferðapjónustunni, bæði vörur úr pappír og öðrum efnum. Þar má m.a. nefna:

- ✔ Stórumbúðir (pappakassar, bretti, o.s.frv.)
- ✔ Smáumbúðir utan um snyrtivörur (sápur, sjampó)
- ✔ Smáumbúðir utan um matvörur (smjör, hunang, morgunverður)
- ✔ Bollar, glös, diskar, hnífapör

Einnota vörur hafa eðli málsins samkvæmt stuttan líftíma. Þær verða fljótt að úrgangi – og þá þarf að kaupa nýjar vörur í þeirra stað. Einnota vörur eru því alla jafna fremur slæmur kostur, bæði frá umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði.



Lausnin felst í að taka margnota vörur fram yfir einnota. Það borgar sig næstum alltaf þegar á heildina er litið. Og svo er ástæðulaust að nota pappír umfram þarfir. Í þessum málum eru til mörg litil sparnaðar-tækifæri.

Góð ráð um pappír og einnota vörur	Búið og gert	Stendur til	Nei takk!
✔ Prenta ekkert út að óþörfu			
✔ Prenta báðum megin á blöð			
✔ Nýta bakhliðar í rissblöð og minnismiða			
✔ Kaupa umhverfismerktan pappír til allra nota			
✔ Senda allan úrgangspappír í endurvinnslu			
✔ Velja stórar umbúðir frekar en smáar			
✔ Draga úr notkun á einnota vörum			
✔ Fræða starfsfólk og gesti			

AÐ NÝTA Í BAK OG FYRIR

Mörgum finnst óþægilegt að lesa texta af tölvuskjá. En samt er óþarfi að prenta allt út, t.d. tölvupóst og þess háttar. Áður en ýtt er á prentarahnappinn er gott að staldra við og velta því fyrir sér til hvers þessi útprentun verði notuð – og hve lengi. Ef manni finnst nauðsynlegt að prenta skjalið, þá bjóða margir prentarar upp á þann valkost að prenta báðum megin á blöðin. Þannig sparast 50% af pappírnum. Svo er líka upplagt að safna blöðum sem eru prentuð öðrum megin og nota bakhliðarnar á þeim til að prenta uppköst o.þ.h., sem ekki þarf að vera varanlegt og á ekki að fara um margra hendur. Einfalt er að koma sér upp litlum pappírkassa, t.d. við hliðina á prentaranum, til að taka við svona bakhliðum.

ÓÞÖRF PAPPÍRSSÓUN

Það er umhugsunarvert að venjulegur skrifstofumaður í Bandaríkjunum notar um **7.200 blöð** af skrifstofupappír árlega. Þar af lenda um **35%** í ruslinu samdægurs! Það eru rúmlega 2.500 blöð á ári, sem vega samtals um 12,6 kg. Ef fimm slíkir skrifstofumenn myndu koma þessum pappír í endurvinnslu í stað þess að henda honum, væri hægt að sleppa því að höggva heilt tré. Enn meira myndi náttúrulega sparast ef þessi 2.500 blöð væru hreinlega aldrei notuð.

Fyrir hvert tonn af pappír sem er endur- unnið sparast 17 tré, sem annars hefði þurft að höggva, 2,5 m³ rými á urðunarstað og um 40% orkunnar sem annars þarf í pappírsframleiðsluna.



25. maí 2009
Skrifstofufólk í þjónustu bandarískra stjórnvalda hendir strax um 35% af öllum blöðum sem það prentar út. Fjárhagslegt tap hins opinbera vegna þessa er áætlað um 440 milljónir bandaríkjadala á ári, eða sem samsvarar um 55 milljörðum íslenskra króna. Meðalskrifstofumaðurinn prentar út 30 blaðsíður á dag eða um 7.200 bls. á ári. Það vekur hins vegar athygli, að þeir sem stunda fjarvinnu á eigin heimilum prenta aðeins út 12 blaðsíður á dag að meðaltali...

Lesið frétt GreenBiz.com 21. maí sl.

NÓG TIL AF UMHVERFISMERKTUM PAPPÍRI!



Til er gott úrval af umhverfismerktum pappír, bæði skrifstofupappír, salernispappír, elduspappír o.s.frv. Í þessu sambandi liggur beinast við að svipast um eftir Norræna svaninum. Önnur merki sem koma til greina eru Evrópublómið og þýska merkið Bláa engillinn.



„JÚ, ÞETTA ER SKO ROSALEGA UMHVERFISVÆNT“

Pappírsbirgjar hérlandis eru duglegir við að telja viðskiptavinum sínum trú um að pappírinn sem þeir selja sé umhverfisvænn. Þessu til sönnunar er gjarnan lagt fram vottorð, oftast þess efnis að framleiðandinn sé með vottun skv. ISO 14001. Í því felst staðfesting á því að framleiðandinn taki tillit til umhverfismála í daglegum rekstri. Hins vegar segir það ekkert um pappírinn, svo sem um það hvaðan hráefnið í hann var fengið, að hve miklu leyti það hafi verið endurunnið, hvaða efni voru notuð við framleiðsluna, hvernig orka o.s.frv. Oft er þessi pappír líka með svonefnda FSC-vottun, sem felur í sér staðfestingu á að pappírinn sé upprunninn úr visthæfri skógrækt. Stundum er manni líka sýnd áletrunin „Totally Chlorine Free“, sem þýðir að klór hafi ekki verið notaður við bleikingu pappírsins. Allt er þetta góðra gjalda vert, en ekkert af þessu felur í sér vottun á gæðum og umhverfislegu ágæti pappírsins. Þarna er aðeins horft til einstakra þátta en ekki heildarinnar eins og Svanurinn og sambærileg merki gera.

EINNOTA VÖRUR ERU DÝRAR

Mikið er notað af einnota vörum í ferðapjónustunni. Fáir nota þó pappaglös, pappadiska og einnota hnífapör, enda þykir það fremur „ófint“ og er auk þess mun dýrara þegar til lengdar lætur. Sumir velta því samt fyrir sér hvort þessi vara sé nokkuð verri fyrir umhverfið en hefðbundið leirtau og hnífapör, því að það þurfi jú allt að þvo með tilheyrandi orku- og efnanotkun. En svarið er einfalt: Glerglösin, leirtauið og stálhnífapörin hafa yfirburði hvað þetta varðar, bæði í umhverfislegu og fjárhagslegu tilliti.

**EINNOTA UMBÚÐIR TIL VANDRÆÐA**

Margar aðrar einnota vörur og umbúðir eru í notkun, t.d. á hótélum. Þar má nefna sápur og sjampó í einnota bréfum, smjör og sultur í smáumbúðum, sykurmola tvo saman í pakka og þar fram eftir götunum. Á hótélum erlendis má jafnvel sjá smápakka með morgunverðarkorni fyrir einn disk. Allar þessar vörur eiga það sameiginlegt að vera dýrar í innkaupum og skapa mikinn úrgang með tilheyrandi kostnaði og umhverfisáhrifum, svo ekki sé minnst á efnið og orkuna sem notað er við framleiðsluna. Þessi mál er nær alltaf hægt að leysa með öðrum hætti.



Sápur og sjampó ættu að vera í skömmtum, smjórið í öskjum o.s.frv. Í einhverjum tilvikum telja menn þetta stangast á við hreinlætissjónarmið, en það er oftast orðum aukið. Afganga úr smjöröskjum má t.d. nota til steikingar. Ekkert af þessu er vanda-mál sem ekki er hægt að leysa.



*Enginn gerði stærri mistök en sá
sem gerði ekkert af því að
honum fannst hann geta
gert svo lítið
(Edmund Burke)*

3.5 Matvæli

Vandamálið

Framleiðsla og flutningur matvæla hefur mikil áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag, þó mjög mismikil eftir því hvar matvælin eru framleidd og með hvaða aðferðum. Víða er notað mikið af tilbúnum efnum við framleiðsluna, bæði tilbúinn áburður og varnarefni, svo sem skordýraeitur og illgresiseyðir. Hérlandis er notkun slíkra efna þó í lágmarki. Aðstæður þeirra sem vinna við matvælaframleiðslu eru víða bágbornar. Allt þetta er hægt að hafa áhrif á með vali sínu á matvörum.

Matvælaframleiðsla er víða undirstaða samfélagsins, og í henni felast í sumum tilvikum stærstu tækifæri og mesta sérstaða ferðaþjónustunnar á einstökum svæðum. Matvæli vega líka þungt í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja, bæði í umhverfislegu og fjárhagslegu tilliti.

Samfélagsleg áhrif matvæla ráðast einkum af því hvort matvælin eru keypt í heimabyggðinni þar sem framleiðsla þeirra stuðlar að atvinnusköpun og sterkara samfélagi, eða í meiri fjarlægð þar sem aðrir njóta góðs af. Þarna skiptir líka máli aðbúnaður þeirra sem vinna við framleiðsluna.


Almennt má segja að matvæli séu einn af þremur stóru umhverfisþáttunum, hvort sem litið er til ferðaþjónustunnar eða venjulegs heimilishalds. Hinir stóru þættirnir eru flutningar og byggingar.

Lausnin felst í að velja þá matvöru sem er hagstæðust hverju sinni fyrir umhverfi, samfélag og efnahag. Sjaldnast er þó lausnin ein og afdráttarlaus, heldur þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig, minnugur þess að hver einasta ákvörðun um kaup á matvöru hefur áhrif langt út fyrir þau mörk, sem manni er tamt að leiða hugann að.

Góð ráð um matvæli	Búið og gert	Stendur til	Nei takki!
☑ Rækta sín eigin matvæli			
☑ Velja helst matvörur úr heimabyggð			
☑ Velja íslenskt frekar en innflutt			
☑ Kaupa lífrænt			
☑ Kaupa réttlætismerkt			
☑ Láta ekki mat fara til spillis			
☑ Jarðgera matarleifar eða senda í jarðgerð			
☑ Fræða starfsfólk og gesti			

ER BARA GULRÓT Í GULRÓTINNI?

Verðlag matvæla skiptir afar miklu máli, enda verðmunur oft gríðarlegur. En verð og hagkvæmni fara ekki alltaf saman. Þarna þarf m.a. að huga að endingartíma. Svo eru ódýrari vörur stundum næringarminni, hafa lægra þurfnainnihald en meira af vatni. Þannig er ekkert víst að eitt kíló af tilteknum gulrótum eða kjúklingabringum innihaldi jafn mikið af gulrótum eða kjúklingabringum og annað kíló af sömu vörutegundum. Þetta er reyndar eitt af því sem réttlætir að hluta þann verðmun sem oft er á lífrænum matvælum og öðrum matvælum. Þurfnainnihald lífrænu matvælna er nefnilega hærra að meðaltali. Þar er sem sagt meira af gulrótum í hverju kíló af gulrótum!



ER HEILSAN OKKAR EINA HEILSAN?



Varnarefni eru lítið sem ekkert notuð í landbúnaði á Íslandi. Öðru máli gegnir um mörg önnur lönd, þar sem akrar eru til að mynda úðaðir með skordýraeitri nokkrum sinnum yfir sumarið. Sums staðar eru líka notuð efni sem hafa áhrif t.d. á vöxt plantna. Líklega er mjög lítið um leifar af skordýra- eða sveppaeitri í innfluttum matvörum hérlandis. En þetta er bara ein hlið málsins, því að þeir sem nota varnarefni á ökrunum eru í miklu meiri hættu en neytendurnir hvað þetta varðar. Okkur sjálfum og gestum okkar ætti ekki að vera sama hvaðan maturinn kemur og hvernig hann var framleiddur. Þess vegna skiptir svo miklu máli að kynna sér upprunann og vera tilbúinn að miðla þeirri þekkingu til gesta.

LÍFRÆN RÆKTUN

Í lífrænni ræktun er öll notkun tilbúins áburðar og varnarefna bönnuð. Sömuleiðis er þar með öllu óheimilt að notast við erfðabreytt efni. Vottunarstofan Tún vottar lífræna ræktun á Íslandi (sjá mynd).



EKKI HENDA MAT

Í rannsóknarniðurstöðum sem birtar voru vorið 2008 kom fram að árlega er líklega hent matvælum hérlandis fyrir um 3,4 milljarða króna, en þetta eru um 6-8% af öllum matvælum sem keypt eru. Þetta er mikil soun, því að hér er aðeins átt við þau matvæli sem aldrei komast á diskinn. Matarleifar eru svo annað mál. Erlendis hafa sést enn hærri tölur, allt upp í 20-33%.



STADARDAGSKRÁ 21
SAMBAÐ ÍSLENSKRA SVEITARFELAGA

ORÐ DAGSINS

Þessi síða hefur að geyma orð, tilvitnanir, hugmyndir og vangaveltur til að staldra við í erli dagsins.

19. janúar 2008

Góður árangur hefur náðst í átaki til að draga úr brottkasti matvæla í Bretlandi. Átakið, sem ber yfirskriftina „Love Food, Hate Waste“ og var hleypt af stokkunum árið 2007, er talið hafa hjálpað tveimur milljónum breskra heimila til að draga úr brottkasti samtals 137.000 tonna af mat. Þar með hafa þessi sömu heimili sparað um 300 milljón sterlingspund (um 57 milljarða íslenskra króna) í matarinnkaupum. Talið er að samtals hendi Bretar um 6,7 milljónum tonna af mat á ári, að verðmæti samtals um 10 milljarðar punda. Þetta er um þriðjungur af öllum mat sem keyptur er í landinu.

Lesið frétt EDIE 16. janúar sl.

ERTU NÆRÆTA?

Til er hópur fólks vestanhafs sem kallar sig „nærætur“ eða „Locavores“. Þetta fólk reynir að neyta aðeins matvæla sem upprunnin eru úr nánast nágrenni og hefur því ekki ferðast margar „matarmílar“. Flutningur matvæla skiptir nefnilega miklu máli fyrir umhverfið. Þannig er talið að fæða Bandaríkjamanna hafi að meðaltali ferðast um 2.400 km á leið sinni um matborðið, (sjá einnig umræðu um flutninga). Hópur af „nærætum“ hefur tekið sig saman um að fara í svonefndan „100-mílna kúr“, en þá er aðeins neytt fæðu sem er upprunnin í minna en 100 mílna fjarlægð. Þátttakendur reyna líka að halda stínu striki á ferðalögum, sem kallar oft á töluverðar rannsóknir og lærdóm um hvern áfangastað og nágrenni hans. Þetta er ekkert endilega raunhæft eða framkvæmanlegt hvar sem er, en það er samt allt í lagi að velta hugmyndinni fyrir sér og máta hana við eigin neysluvenjur. Hægt er að fræðast meira um þessi mál á www.locavores.com og www.100milediet.org.



„Slow Food“

Hugmyndin um rómat („hæglætismat“ eða „Slow-food“) á vaxandi fylgi að fagna. Þessi hreyfing er andsvar við skyndibitavæðingunni og á rætur að rekja til Ítalans Carlo Petrini. Markmið hreyfingarinnar er að standa vörð um landbúnað í einstökum byggðum, staðbundnar matreiðsluhefðir og plöntu- og dýralífið sem hefðirnar byggja á. Þessi hreyfing telur nú hátt í 100 þúsund manns í yfir 120 löndum. Á Íslandi hefur Slow Food verið starfandi frá því árið 2001, þegar fyrsta íslenska deildin var stofnuð (Slow Food Reykjavík Convivium, sjá www.slowfood.is). Nú eru hátt í 200 manns skráðir í deildina.

**Slow Food®**

Hugmyndin um Slow Food fellur vel að íslenskum landbúnaði í smáum stíl, og í henni felast tækifæri fyrir ferðaþjónustuna. Í raun er starfsemi samtakanna *Beint frá býli* mjög í þessum anda.

*Maðurinn óf ekki vef lífsins,
hann er aðeins þráður í honum.
Hvað sem maðurinn gerir vefnum
gerir hann sjálfum sér
(Chief Seattle)*


3.6 Úrgangur

Vandamálið

Á Íslandi er stór hluti af öllum úrgangi urðaður. Urðun er varanleg ráðstöfun á annars dýrmætu landi, auk þess sem efni úr úrganginum geta mengað jarðveg, vatn og andrúmsloft. Nægir þar að nefna ýmis efni sem geta sloppið út með sigvatni og metan sem losnar smátt og smátt út í andrúmsloftið og eykur á gróðurhúsaáhrifin. Við brennslu úrgangs geta myndast hættulegar lofttegundir, og um leið verður til aska sem getur innihaldið býsna mikið af varasömum efnum. Og svo tapast alltaf auðlindir með úrganginum, bæði efni og orka.

Allt sem við hendum hefur einhvern tímann verið keypt fyrir peninga. Það að því skuli vera hent, þýðir að okkur hefur mistekist að nýta það betur. Úrgangur er nefnilega ekki bara úrgangur, heldur auðlind, eða með öðrum orðum hráefni á villigötum. Úrgangur hefur margvísleg neikvæð áhrif á umhverfið, ekki bara sem úrgangur, heldur ekki síður sem glötuð vara. Og það gleymist oft hversu slæmur úrgangurinn er fyrir fjárhaginn.

Líta má á svonefndan úrgangspríhyrning sem leiðarvísi að lausn úrgangsmála. Príhyrningurinn sýnir forgangsroð í málaflokknum í samræmi við íslenskar og evrópskar reglugerðir. Að öðru jöfnu eru umhverfisvænstu lausnirnar efst í príhyrningnum, en valkostirnir versna eftir því sem neðar dregur.



Góð ráð um úrgang	Búið og gert	Stendur til	Nei takki!
✔ Skila öllum spilliefnum í spilliefnamóttöku			
✔ Skila öllum lyfjaaföngum í apótek			
✔ Flokka allan úrgang eftir föngum			
✔ Upplýsa gesti um flokkun úrgangs			
✔ Auðvelda gestum flokkun úrgangs			
✔ Leita samstarfs við sveitarfélagið			
✔ Leita samstarfs við úrgangsfyrirtæki			

FORVARNIR OG ENDURVINNSLA

Auðvitað er aðalatriðið að koma í veg fyrir að úrgangur verði til. Þannig sparast líka peningar. En úrgangsmýndun verður aldrei umflúin með öllu. Næstbesti valkosturinn er að endurnota það sem til fellur, þ.e. að koma því aftur í notkun í óbreyttri mynd. Þannig tekur Rauði krossinn við notuðum fötum og notuðum skóm og kemur þeim til einhverra sem hafa gagn af, glerkrukkur undan matvælum nýtast undir sultur næsta haust o.s.frv. Sé ekki um slíkt að ræða er um að gera að koma úrganginum í endurvinnslu. Þannig nýtist efnið aftur, þó í breyttri mynd sé. Dæmi um alíslenska endurvinnslu í smáum stíl er kertaframleiðsla úr kertaafgöngum, m.a. á vernduðum vinnustöðum. Slíkir afgangur ættu því ekki að fara í ruslið, heldur til þeirra sem safna kertaafgöngum á hverjum stað, þ.e.a.s. til flokkunarstöðva, eða bensínstöðva OLÍS.



NEYÐARÚRRÆÐI

Í versta falli ætti a.m.k. að vera hægt að nýta orkuna úr úrganginum, annað hvort með brennslu til orkuvinnslu eða með því að framleiða metangas úr hauggasinu sem verður til eftir að úrgangurinn hefur verið urðaður. Urðun eða brennsla án orkunýtingar eru neyðarúrræði, sem ættu að heyra sögunni til.



DÆMIGERÐUR ÚRGANGUR

Líklega skiptist úrgangur ferðaþjónustufyrirtækja að öðru jöfnu í þrjá svipað stóra flokka:

- ✔ Lífrænn úrgangur (sem hægt er að jarðgera)
- ✔ Annar endurvinnanlegur úrgangur
- ✔ Annar úrgangur (til urðunar eða brennslu)

Hlutföllin á milli þessara flokka eru eðlilega eitthvað misjöfn eftir starfsemi. Þannig fellur til meira af lífrænum úrgangi hjá veitingastöðum en flestum öðrum.

STYKKISHÓLMSLEIÐIN

Íbúar Stykkishólms hafa sýnt fram á, að auðveldlega er hægt að koma 70% af öllum venjulegum heimilisúrgangi í endurvinnslu. Þar er úrgangi safnað í þrjár tunnur við hvert heimili. Ein tunnan er brún. Í hana fer lífrænn úrgangur sem er sóttur á tveggja vikna fresti og jarðgerður í þar til gerðri vél. Önnur er græn. Hún tekur við öllum öðrum endurvinnanlegum úrgangi, þ.e.a.s. pappír, dagblöðum, fernum, pappa, málmum, plastumbúðum og rafhlöðum. Þessi tunna er losuð mánaðarlega og innihaldið sent í flokkunarstöð og þaðan áfram í endurvinnslu. Þriðja tunnan er grá. Í hana fer allt sem ekki rataði í hinar tunnurnar. Þessi úrgangur, sem er nú um 32% af heildinni, er urðaður. Þetta hlutfall er miklu lægra en víðast annars staðar á Íslandi. Fleiri sveitarfélög hafa fetað í fótspor Stykkishólms hvað þetta varðar.



GRÆNAR TUNNUR OG KER

Við er hægt að leigja grænar tunnur eða græn ker af úrgangsfyrirtækjum. Þessi ílát taka við því sama og græna tunnan í Stykkishólmi, og úrgangsfyrirtækin sjá um að koma innihaldinu í endurvinnslu. Þetta er þægileg leið og kostnaðurinn svipaður og við tunnur fyrir almennan úrgang. Ferðaþjónustufyrirtækin ættu að spyrja um svona ílát, því að það er jú eftirspurnin sem stjórnar framboðinu.



GERUM FLOKKUN AUÐVELDA


Gististaðir ættu að auðvelda gestum að flokka úrgang. Þetta er bæði hægt að gera með því að hafa skipt ílát á herbergjum og með því að koma upp snyrtilegri aðstöðu í móttöku eða við inngang, a.m.k. fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir (flöskur og dósir). Fræðsla til gesta skiptir líka miklu máli. Fáir flokka rétt ef þeim er ekki leiðbeint, og svo felur fræðslan líka í sér tækifæri til að styrkja ímynd fyrirtækisins. Skýrar, einfaldar merkingar eru lykilatriði til að ná árangri í þessum málum.

HVAÐ SVO?

En það er ekki nóg að flokka. Það þarf líka að tryggja að flokkaði úrgangurinn fari þangað sem hann á að fara. Þess vegna er mikilvægt að kynna sér hvað sveitarfélagið eða úrgangsfyrirtækin gera við flokkaða úrganginn sem þau taka á móti. Ferðaþjónustufyrirtækin ættu að hafa samband við þessa aðila að fyrra bragði – og undirstrika um leið mikilvægi þess að úrgangur sé rétt meðhöndlaður. Frumkvæðið styrkir líka ímyndina!

TUTTUGU GOSDÓSIR

Flokkun sparar peninga, bæði í innkaupum, flutningum og úrgangsmeðhöndlun! Fáir gera sér líklega grein fyrir hvað sparnaðurinn getur verið gríðarlega mikill. Ál er líklega eitt gleggsta dæmið um þetta. Ál er nefnilega hægt að endurvinnna óendanlega oft án þess að gæðin rýrni, og með endurvinnslunni sparast gríðarleg orka. Þannig þarf 20 sinnum meiri orku til að framleiða eina áldós úr nýju hráefni en úr álúrgangi. Það er líka hægt að orða þetta svona: Fyrir hvert tonn af áli sem ekki er endurunnið tapast 19-sinnum meiri orka en þörf hefði verið á, 6 tonn af baxíti fara til spillis, og 4 tonn af vítissóða og öðrum efnum eru notuð að óþörfu!



Er gosdósín þín bara gosdós, eða er hún 20 gosdósa virði?



*Gramm af forvörnum
er betra en kíló af lækningu
(Ókunnur höfundur)*

3.7 Vatn og frárennsli

Vandamálið

Árstíðabundinn vatnsskortur er vaxandi vandamál á tilteknum landsvæðum, m.a. vegna breytinga á veðurfari. Margir staðir á Íslandi hafa aðgang að sjálfrennandi vatni, en annars staðar þarf að dæla því með tilheyrandi kostnaði. Neysluvatnsmál og fráveitumál eru líka nátengd, því að allt er þetta sama vatnið. Óþörf vatnsnotkun eykur álag á fráveitukerfin og kallar á auknar fjárfestingar og dýrari rekstur.

Viðast er nóg til af vatni á Íslandi. Samt er ástæða til að nota það ekki að óþörfu. Vatn er nefnilega ekki óþrjótandi. Á sumum landsvæðum hefur borið á vatnsskorti síðustu sumur, og svo getur óþörf vatnsnotkun haft í för með sér kostnað sem mönnum yfirsést við fyrstu sýn. Loks má nefna að góð umgengni um vatnsauðlindina er hluti af ákveðnu hugarfari sem brýnt er að temja sér til að ná góðum árangri á öðrum sviðum umhverfismála.



Í Ámárdal í Héðinsfirði (SG)

Lausnin felst fyrst og fremst í ráðdeild og sparsemi – og í því að gera sér grein fyrir að hreint vatn er auðlind sem þarf að umgangast með virðingu.

Góð ráð um vatn og frárennsli	Búið og gert	Stendur til	Nei takk!
✔ Láta vatn aldrei renna að óþörfu			
✔ Nota vatnssparandi hreinlætistæki			
✔ Fræða gesti um gæði kranavatnsins			
✔ Upplýsa gesti um gæði yfirborðsvatns í næsta nágrenni			
✔ Bjóða kranavatn frekar en flöskuvatn			
✔ Fylgja leiðbeiningum um fráveitumál			
✔ Nota aldrei sorpkvarnir í vöskum			
✔ Taka við fjárframlögum til brunnaverkefna			

AÐ TAKA VATN ÚR UMFERÐ

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi vatns í náttúrunni. Um leið og vatni er beint aðra leið en þá náttúrulegu, er verið að koma í veg fyrir einhverja nýtingu þess. Gott dæmi um þetta er þegar ofanvatni af götum og stórum malbikuðum svæðum er safnað í niðurföll og þaðan beint til sjávar. Áður síðast þetta vatn gegnum jarðveginn og var hluti af einhverju flóknu kerfi þar. Sama gildir um vatn sem fer um neysluvatnslagnir og bunar þaðan úr krana í niðurföll. Þessi breytta leið vatnsins er ekkert stórvandamál á Íslandi, en samt vel þess virði að leiða hugann að.

FRÆÐUM GESTI UM VATNIÐ

Á langflestum stöðum á Íslandi eru gæði neysluvatns með ágætum. Fólk getur drukkið kranavatnið áhyggjulaust, og vatn í vatnsföllum er oftast en ekki vel drykkjarhæft. Þetta er öfundsvert ástand, sem oft gleymist að fræða erlenda gesti um. Fyrir þeim er þetta ekkert sjálfsagt – og jafnvel ótrúlegt. Fræðsla til gesta um ágæti vatnsins er mikilvægur hluti af upplifun þeirra og öryggi, og um leið mikilvægur liður í ímyndar-sköpun.

KRANAVATNIÐ ER BETRA

Það er útbreiddur misskilningur að flöskuvatn sé betra eða öruggara en kranavatn. Rannsóknir benda þvert á móti til að flöskuvatn geti innihaldið allt að 50 sinnum fleiri bakteríur en leyft er í kranavatni, auk þess sem flöskuvatnið er allt að því 1.500 sinnum orkufrekara þegar tekið hefur verið tillit til framleiðslu og flutnings umbúða. Loks má nefna, að á Íslandi er flöskuvatnið allt að því 5.000 sinnum dýrara en kranavatnið!

VERUM STOLT AF ÞVI

Íslendingar ættu frekar að hvetja gesti til að drekka kranavatn en að selja þeim verra og dýrara flöskuvatn. Við þetta minnka tekjur ferðaþjónustunnar eitthvað, en því er að hluta hægt að mæta með örlítið herra verði fyrir aðra þjónustu. Flöskuvatn mun líka halda áfram að seljast í einhverjum mæli. En þá þarf líka að standa vel að kynningunni á ágæti kranavatnsins! Sú kynning gæti m.a. verið hluti af upplýsingum sem liggja á herbergjum, á sama stað og upplýsingar um morgunverð o.þ.h.

HVAÐ MEÐ YFIRBORÐSVATNIÐ?

Neysluvatn er ekki eina vatnið. Það skiptir gesti líka miklu máli að geta fengið áreiðanlegar upplýsingar um gæði vatns á strandsvæðum og öðrum útivistarsvæðum. Slíkar upplýsingar þurfa að byggja á mælingum heilbrigðiseftirlits.



STÁÐARDAGSKRÁ 21
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

ORÐ DAGSINS

Þessi síða hefur að geyma orð, tilvitnanir, hugmyndir og vöngaveitur til að staldra við í erli dagsins.

13. september 2007

Flöskuvatn inniheldur mun meira af bakteríum en venjulegt kranavatn samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var fyrir Aftonbladet í Svíþjóð. Franskt vatn frá Evian kom verst út, en í því mældust 5.000 bakteríur í millilítra eftir þriggja sólarhringa ræktun. Leyfilegt hámark fyrir kranavatn er 100 bakteríur, en í Svíþjóð eru ekki gerðar sambærilegar kröfur til flöskuvatns. Sérfræðingar benda á að þarna sé ekki um sjúðómsvaldandi örverur að ræða, þannig að áhrif á heilsu manna séu sjálf-sagt hverfandi. Hins vegar geti þessi fjöldi af bakteríum haft áhrif á lykt og bragð. Umhverfis-verndarsamtök benda á að flöskuvatnið sé ekki aðeins verra til drykkjar en kranavatn, heldur einnig miklum mun verra fyrir umhverfið. Þannig þurfi 1.500 sinnum meiri orku til að framleiða og flytja flöskuvatn en sama magn af kranavatni, með tilheyrandi losun gróðurhúslofttegunda. Ekki er heldur fráleitt að ætla að flöskuvatnið sé um 5.000 sinnum dýrara en kranavatnið í krónum talið.

Lesið [umfjöllun Grønn Hverdag í gær](#) og [frétt í Aftonbladet í fyrradag](#)



MEÐ FRÁRENNSLIÐ Í LAGI

Frárennismál þurfa að vera í lagi. Þetta er afar mikilvægur málaflokkur, bæði frá heilbrigðissjónarmiði og vegna ímyndarinnar. Víðast er þessum málum vel fyrir komið, a.m.k. hjá þeim sem tengdir eru fráveitukerfum sveitarfélaga. Annars staðar er notast við rotþrær, sem víðast eru líka í góðu lagi. Þar þarf þó að halda vöku sinni og fylgja leiðbeiningum framleiðanda og Umhverfisstofnunar, (sjá <http://www.ust.is/Mengunarvarnir/Vatnsgaedi/Rotthraer>). Rotþrær þarf að tæma reglulega og farga úrganginum á viðeigandi hátt. Sveitarfélagið á að geta veitt upplýsingar um þau mál. Frárennsli frá salernum, þvottahúsum og eldhúsum má leiða í rotþrær, en þakvatn og hitaveituvatn á ekki heima þar. Sama gildir um fastan úrgang og hreinsiefni, þar sem þau trufla niðurbrotið í rotþrónni.



BURT MEÐ SORPKVARNIR!

Ekki ætti undir neinum kringumstæðum að nota kvarnir í vöskum til að losa sig við úrgang niður í fráveitukerfið, hvort sem það er kerfi sveitarfélagsins eða einstök rotþró. Slíkur úrgangur eykur álag á fráveitukerfi, dælu- og hreinsistöðvar, tæringarhætta eykst – og rottugangur eykst hugsanlega þar sem um slíkt er að ræða. Um leið glatast næringarefni sem annars myndu nýtast með jarðgerð.

GEFUM ÖÐRUM VATN

Ferðapjónustufyrirtæki í landi, þar sem kranavatnið er eins mikil gæðavara og á Íslandi, ættu að hvetja gesti sína til að íhuga hversu mikið þeir spara í vatnskaupum. Leggja mætti áherslu á þetta með því að taka við framlögum til brunnaverkefna í þróunarlöndum. Dæmi um slík verkefni eru vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar, þar sem áhersla er lögð á að byggja brunna í löndum þar sem vatnsskortur og léleg gæði drykkjuvatns hafa áhrif á heilsufar fólks. Með þessu móti getum við í senn undirstrikað gæði íslensks drykkjarvatns og látið gott af okkur leiða.



Myndin er tekin af Flickr síðu Hjálparstarfs kirkjunnar,
<http://flickr.com/photos/help>

*Mörg lítil verk sem margt lítið fólk
vinnur á mörgum litlum stöðum,
geta breytt heiminum
(Kínverskt orðtæki)*

3.8 Annað

Í köflunum hér að framan hefur verið fjallað um nokkra helstu umhverfisþættina í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Margt fleira mætti tína til. Þar má meðal annars nefna náttúruvernd, menningarminjar og samskipti við nærsamfélagið.

Vandamálið

Náttúran, menningin og sagan eru helstu auðlindir ferðaþjónustunnar á Íslandi. Ef verndun þessara auðlinda er ekki sinnt, „hverfur varan úr hillunum“.

Ferðaþjónustan þarf á náttúrunni, menningunni og sögunni að halda, og hún er líka í lykilhlutverki í verndunarstarfinu. Hér er ekki aðeins um að ræða áþreifanleg fyrirbæri í náttúrunni, heldur líka ýmislegt sem augað ekki sér, svo sem sagnir og andblæ fyrri tíma. Vandinn er sá að allt er þetta viðkvæmt og vandmeðfarið.



Veghleðsla frá 19. öld á Eskifjarðarheiði (SG)

Til að náttúran, menningin og sagan geti varðveist, ferðaþjónustunni, ferðamönnum og komandi kynslóðum til gagns og yndisauka, þarf að vera til staðar þekking og vitneskja um þolmörk náttúru og samfélags. Þessari þekkingu þarf að miðla. Fræðslustarf er því einn mikilvægasti þátturinn í verndun auðlindanna.

Góð ráð um náttúru, menningu, sögu og samfélag	Búið og gert	Stendur til	Nei takk!
🌱 Vinna að bættum merkingum			
🌱 Nýta staðþekkingu og krafta heimamanna			
🌱 Bjóða gönguferðir með leiðsögn			
🌱 Vinna með sveitarstjórn			
🌱 Vinna með öðrum ferðaþjónustuaðilum			
🌱 Safna eða veita fé til samfélagsmála			
🌱 Halda opið hús fyrir heimamenn			
🌱 Fræða starfsfólk og gesti			

FJÖLBREYTNÍ ER MIKILVÆG

Fjölbreytni er hornsteinn allar þróunar. Þetta á jafnt við í náttúrunni sem í samfélaginu. Þetta þekkja ferðaþjónustuaðilar vel, því að oft er það einmitt „sérstaðan sem selur“. Líffræðileg fjölbreytni er grunnurinn. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að varðveita hana. Ein stærsta ógnin við líffræðilega fjölbreytni á Íslandi eru ágengar tegundir, þ.e.a.s. nýjar tegundir lífvera, sem menn hafa sleppt út í íslenska náttúru, viljandi eða óvart. Dæmi um slíkar tegundir eru minkur, alaskalúpína og skógarkerfill. Svona tegundir geta rutt úr vegi þeim sem fyrir eru, og eftir stendur fátæklegri náttúra, sem hefur misst sérstöðu sína. Nefna má framræslu mýra sem aðra ógn í þessu sambandi.

FRÆÐSLA UM NÁTTÚRUNA

Ferðaþjónustan þarf að leiðbeina gestum á ferðum þeirra um náttúruna. Þetta felst m.a. í bættum merkingum og í því að hafa jafnan til reiðu gönguleiðakort og aðrar upplýsingar um nánasta umhverfi. Þetta kallar á samstarf við aðra aðila. Jafnframt er mikilvægt að starfsfólk ferðaþjónustufyrirtækjanna sé vel upplýst um nágrennið og það sem þar ber fyrir augu.

TRYGGÐ VIÐ UPPRUNANN

Menningarleg fjölbreytni er ekki síður mikilvæg. Sú fjölbreytni býr t.d. í áhugaleikfélögum víða um land, þjóðsögum sem tengjast næsta nágrenni, sérstæðri verkþekkingu, hefðbundinni matargerðarlist o.s.frv. Á þessu sviði leynast líka ógnir. Ef ekki er að gáð rofna tengslin við fortíðina, enginn kann lengur söguna um álagablettinn né þekkir handtökin við heyskapinn – og hamborgarar og franskar kartöflur leysa æðaregg og reyktan rauðmaga af hólmi. Sumum kann að finnast þetta síðastnefnda í góðu lagi, en um leið og það gerist hverfur hluti af þeirri sérstöðu sem ferðamaðurinn er líklega að leita að. Hann getur þá allt eins farið eitthvert annað.



AÐ MIÐLA ÞEKkingu

Til að geta varðveitt fjölbreytnina þarf þekkingu. Í fyrsta lagi þarf að gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem náttúra og samfélag svæðisins býr yfir, í öðru lagi þarf að þekkja þolmörk þessarar sömu náttúru og samfélags, og í þriðja lagi þarf að skilja hvernig hægt er að hafa áhrif til góðs eða illis. Mikilvægur hluti af upplifun ferðamannsins er síðan að fá aðgang að þessari þekkingu. Og hennar er ekki bara leitað á upplýsingamiðstöðvum, heldur hvar sem er – í söluskálanum, á bílaverkstæðinu, í móttöku gistiheimilisins o.s.frv. Fólkið sem þarna vinnur þarf að búa yfir þessari þekkingu og vera tilbúið að miðla henni, því að það eykur verðmæti ferðalagsins og líkurnar á því að ferðamaðurinn gangi vel um. Við erum öll í ferðaþjónustu.

ER ÉG TIL SÝNIS?

Hvert samfélag hefur sín þolmörk, sem líka þarf að virða. Það er t.d. ekkert víst að íbúar einhvers samfélags gleðjist yfir vaxandi „ágangi“ ferðamanna. Einhvers staðar liggur fin lína á milli þess að vera stoltur íbúi samfélags og þreyttur sýningargripur. Opin hús fyrir heimamenn og þátttaka í verkefnum nærsamfélagsins er til þess fallið að brúa bilið sem stundum myndast milli ferðaþjónustunnar og heimamanna.

HOLLUR ER HEIMAFENGINN BAGGI

Til að ávinningur verði sem mestur, bæði fyrir ferðaþjónustufyrirtækið og samfélagið sem það er staðsett í, þarf að ríkja gagnkvæm virðing. Samfélagið þarf að gera sér grein fyrir mikilvægi ferðaþjónustunnar og ferðaþjónustan þarf að nýta vinnuafli, vörur og menningu heimabyggðarinnar. Æskilegt er að arðurinn af starfseminni verði sem mest eftir í héraði.

ENGINN ER EYLAND

Ekkert ferðaþjónustufyrirtæki getur staðið eitt og sér. Samstarf við aðra aðila í greininni er afar mikilvægt, enda eru ferðamenn yfirleitt að koma einhvers staðar frá og fara eitthvert annað. Samstarfið við sveitarstjórn og eftirlitsaðila þarf líka að vera gott til að tryggja sem lífvænlegastan rekstur til framtíðar. Í þessum samskiptum á ferðaþjónustufyrirtækið ekki bara að vera þiggjandi, heldur á það líka að hafa frumkvæði að hverju því sem til framfara horfir. Bætt meðhöndlun úrgangs er gott dæmi um þetta. Ferðaþjónustan á líka að láta sig varða stefnumótun sveitarstjórnar, svo sem gerð aðalskipulags og Staðardagskrár 21. Þannig er stuðlað að sjálfbærri þróun í heimabyggðinni, þróun „sem er gerð til að endast“.



4. Umhverfismerki og innkaup

Allar vörur hafa áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag! Þess vegna skiptir hver einasta ákvörðun um innkaup máli! Umhverfismerki eru einföld tæki til að hjálpa okkur við að velja þær vörur sem sameina mestu gæði og hófleg umhverfisáhrif. En merkin eru mörg og ekki alltaf auðvelt að þekkja þau sem er treystandi.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu umhverfismerkjum sem íslenskir ferðapjónustuaðilar geta haft til hliðsjónar við innkaup sín. Ekkert af þessum merkjum tryggir að varan sé GÓÐ fyrir umhverfið. Hins vegar gefa merkin til kynna að varan sé minna skaðleg fyrir umhverfið en aðrar vörur í sama vöruflokki.

NORRÆNI SVANURINN

Svanurinn er hið opinbera umhverfismerki Norðurlandanna og eitt traustasta og virtasta umhverfismerkið í heiminum. Allar vörur sem eru merktar með Svaninum standast tiltekna viðmiðunarkröfur um gæði og umhverfislegt ágæti. Kröfurnar ná til margra þátta, þ.á.m. til hráefna sem notuð eru í vöruna og til umhverfisáhrifa sem fylgja notkun vörunnar og förgun að notkun lokinni. Merkið er óháð, sem þýðir að utanaðkomandi aðili fylgist með því hvort allt sé rétt gert og skráð. Svanurinn er til fyrir hátt í 70 mismunandi vöruflokka, en matvæli eru þó ekki þar á meðal. Ekki fást heldur allir þessir vöruflokkar svansmerktir í íslenskum verslunum. Meðal fáanlegra vöruflokka hérlandis má nefna alls konar hreinsiefni og snyrtivörur, pappír til ýmissa nota, prentefni, rafhlöður, viðarvörn, hjónarúm og gólfefni. Svo er líka hægt að kaupa svansmerkta þjónustu, svo sem gistingu og ræstiþjónustu.



Fjórir íslenskir framleiðendur hafa leyfi til að nota Svaninn á vörur sínar og þjónustu. Þetta eru Prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó., sem selur svansmerkt prentefni; Undri ehf., sem framleiðir nokkrar gerðir af svansmerktu iðnaðarhreinsiefni, Sólaræsting ræstingapjónusta, og Farfuglaheimilið í Reykjavík. Þar fyrir utan flytja margir aðilar inn svansmerktar vörur af ýmsu tagi.

Umhverfisstofnun sér um rekstur Svansins á Íslandi.

EVROÞUBLÓMIÐ, BLÁI ENGILLINN, BRA MILJÖVAL O.F.L.

Þessi þrjú merki byggja öll á sömu hugmyndafræði og Svanurinn, en kröfurnar og vöruflokkarnir eru svolítið mismunandi. Evrópublómið er opinbert merki Evrópusambandsins, sem hérlandis er í umsjá Umhverfisstofnunar, rétt eins og Svanurinn. Blái engillinn er afar virt þýskt merki af sama toga. Hann sést hér m.a. á pappír og einstaka rafeindatækjum, og gerir sitt gagn þó að hann hafi ekki formlegt gildi á Íslandi. Sama má segja um sænska merkið Bra Miljöval. Því er stýrt af þarlandum náttúruverndarsamtökum og sést hér m.a. á uppþvottaefni og fleiri hreinsiefnum.



Til eru mörg fleiri merki sambærileg þessum. Fæst þeirra sjást á Íslandi, en þó bregður bandaríska merkinu **Green Seal** einstaka sinnum fyrir, t.d. á hreinsiefnum. Sömu sögu er að segja um sænska **TCO**-merkið, sem er tiltölulega algengt á tölvubúnaði, sérstaklega tölvuskjám.

TÚN OG ÖNNUR MERKI FYRIR LÍFRÆNA FRAMLEIÐSLU

Vottunarsamtökin Tún eiga sitt eigið merki til að votta lífræna framleiðslu og sjálfbærar náttúrunytjar. Þetta er óháð og áreiðanlegt merki, sem tryggir að viðkomandi vara hafi verið framleidd með lífrænum aðferðum í samræmi við evrópskar reglur og kröfur IFOAM, sem eru alþjóðasamtök þeirra sem stunda lífrænan landbúnað. Vottunin er m.a. staðfesting á því að við framleiðsluna hafi hvorki verið notaður tilbúinn áburður né varnarefni. Sömuleiðis er með öllu óheimilt að notast við erfðabreytt efni (GMO).

Fjölmörg erlend merki hafa sömu þýðingu og íslenska merkið, þar sem þau byggja á sömu evrópsku og alþjóðlegu reglunum. Í flestum verslunum fæst eitthvað af matvörum með þessum merkjum, en úrvalið er svolítið árstíðabundið. Auk matvöru er m.a. hægt að fá lífrænt vottaðar snyrtivörur og smyrsl, föt úr lífrænt vottaðri bómull og lífrænt vottaðan áburð og jarðvegsbæti fyrir garða og lóðir.

Nokkur merki sem votta lífræna framleiðslu:

							
Tún íslenskt	Ø-merkið danskt	Debio norskt	KRAV sænskt	Soil Association breskt	EKO hollenskt	Bio- Garantie þýskt	Evrópska merkið

RÉTTLÆTISMERKI (SIÐGÆÐISVOTTUN)

Réttlætismerking er það sem kallast „Fairtrade certification“ á ensku. Algengasta réttlætismerkið („Fairtrade“ merkið) sem notað er í heiminum í dag er svonefnt Max Havelaar merki. Þetta er óháð og áreiðanlegt merki sem vottar siðræn viðskipti með matvörur og fleiri vörur frá þróunarlöndunum. Merkið tryggir m.a. að þeir sem unnu við framleiðslu vörunnar hafi notið lágmarksréttinda hvað varðar laun og aðbúnað og að barnaþrælkun hafi ekki verið stunduð við framleiðsluna. Þar að auki felur merkið í sér staðfestingu á því að inni í verði vörunnar sé dálítið aukagjald, sem framleiðandanum er skylt að verja í félagsleg verkefni í viðkomandi landi, t.d. til skólabyggingar. Kaup á réttlætismerktum vörum eru því framlag til þróunaraðstoðar. Þarna er líka hægt að treysta því að aðstoðin komist til skila og nýttist þar sem hún á að nýtast.



Til skamms tíma hafa réttlætismerktar vörur verið fremur sjaldséðar á Íslandi, en smátt og smátt virðist úrvalið vera að aukast. Þannig er orðið tiltölulega auðvelt að finna þessar vörur í heilsubúðum og víðar, m.a. kaffi, te, súkkulaði, hunang og ávaxtasafa. Eitthvað er líka til af réttlætismerktum fatnaði. Hins vegar heldur enginn utan um þetta kerfi á Íslandi, sem þýðir að framboð á réttlætismerktum vörum er frekar tilviljanakennt, lítil kynning á sér stað og sölutölur eru ekki þekktar. Í nágrennalöndunum hefur sala á þessum vörum aukist um tugi prósent á ári.

5. Umhverfissvottun ferðaþjónustufyrirtækja

Eitt er að vinna gott umhverfisstarf, annað að fá aðra til að trúá því! Til þess að nýta tækifærin til fulls er því skynsamlegt að leita eftir óháðri vottun á árangrinum. Yfirlýsingar um eigið ágæti duga skammt á kröfuhörðum markaði. Öllum þykir jú sinn fugl fagur. Yfirlýsingar sem ekki er innistæða fyrir er það sem kallað er „grænþvottur“. Slíkt skaðar myndina ef upp kemst.

Líkja má vottun vöru eða þjónustu við bifreiðaskoðun. Það getur vel verið að bíllinn sé í fullkomnu lagi, en til þess að yfirlýsingar um slíkt séu trúverðugar þarf að fá staðfestingu utanaðkomandi aðila á að þær eigi við rök að styðjast. Þessi staðfesting felst í stimplinum í skráningarskríteininu og miðanum sem skoðunarmaðurinn límir á bílnúmerið.



Með óháðri vottun vinnst margt. Þetta er m.a. áhrifarík leið til að byggja upp trúverðugleika og gera góðan árangur sýnilegan. Í vottuninni felast líka einföld skilaboð. Vottunin hjálpar til við markaðssetningu og styður innra starf, m.a. með því að gera starfsmenn stolta af fyrirtækinu sem þeir vinna hjá. Og síðast en ekki síst veitir vottunin það aðhald sem oft er þörf á, til að halda manni við efnið í viðleitinni við að bæta umhverfið og búa í haginn fyrir komandi kynslóðir.

Mörgum finnst ruglandi hversu mörg vottunarmerki eru til. Þess vegna er líka svo mikilvægt að velja bestu merkin og vera duglegur að fræða gesti og gangandi um það hvað þau þýða.

Sem stendur geta íslensk ferðaþjónustufyrirtæki valið úr um u.þ.b. 7 valkostum í vottun. Þessir valkostir eru mismunandi á ýmsan hátt. Sumir duga t.d. einungis fyrir fyrirtæki í tilteknum greinum ferðaþjónustunnar. Sumir snúast aðeins um vottun innra starfs, á meðan aðrir gera kröfur um tiltekna mælanlega frammistöðu. Flestir líta þó að einhverju leyti til hvors tveggja. Hér á eftir verða þessir 7 kostir nefndir og gerð afar stutt grein fyrir helstu kostum og göllum og útbreiðslu á Íslandi:

1. Norræni svanurinn

Kostir:

- ✔ Opinbert umhverfismerki Norðurlandanna
- ✔ Þekkt og virt á Norðurlöndunum
- ✔ Strangar og skýrar kröfur um gæði og umhverfisþætti vöru
- ✔ Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu

Gallar:

- ✔ Takmarkaður við norræna framleiðendur
- ✔ Í ferðaþjónustunni er Svanurinn aðeins til fyrir hótél, farfuglaheimili og veitingastaði

Svanurinn í íslenskri ferðaþjónustu:

- ✔ Farfuglaheimilið í Reykjavík

Nánari upplýsingar: Umhverfisstofnun, www.svanurinn.is.



2. Evrópublómið

Kostir:

- ✔ Opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins
- ✔ Vaxandi útbreiðsla (250-300 gististaðir og 50-60 tjaldsvæði)
- ✔ Strangar og skýrar kröfur um gæði og umhverfispætti vöru
- ✔ Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu



Gallar:

- ✔ Í ferðaþjónustunni er Blómið aðeins til fyrir gististaði og tjaldsvæði

Blómið í íslenskri ferðaþjónustu:

- ✔ Enginn með vottun

Nánari upplýsingar: Umhverfisstofnun, www.ust.is.

3. Green Globe

Kostir:

- ✔ Alþjóðlegt merki
- ✔ Þróað innan ferðaþjónustunnar
- ✔ Vottar hvers konar ferðaþjónustufyrirtæki
- ✔ Staðall fyrir samfélög (sá eini sinnar tegundar)
- ✔ Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu
- ✔ Tryggir stöðugar umbætur í umhverfisstarfinu



Gallar:

- ✔ Takmörkuð útbreiðsla á norðurlandi jarðar

Green Globe í íslenskri ferðaþjónustu:

- ✔ Vottuð samfélög:
 - Snæfellsnes (5 sv.fél. + Þjóðg. Snæfellsjökull)
- ✔ Samfélög sem hafa hafið þátttöku
 - Sveitarfélagið Álftanes
 - Mið-Suðurland ("Iceland South Central")
(4 sv.fél. frá Þjórsá að Lómagnúpi + Þjóðgarðurinn Skaftafell)
- ✔ Fyrirtæki með fullnaðarvottun:
 - Hótel Hellnar, Snæfellsnesi (gull)
 - Hótel Anna, Moldnúi undir Eyjafjöllum
 - Skrifstofa Ferðaþjónustu bænda
 - Brunnhóll við Hornafjörð
 - Íshestar
 - Elding hvalaskoðun (RWW)
 - Hjalli í Kjós
 - Gauksmýri í Húnaþingi
 - Heydalur í Mjóafirði
- ✔ Fyrirtæki (önnur) sem staðist hafa viðmið:
 - Ferðaskrifstofa Harðar Erlingssonar
 - Geirland á Síðu

Nánari upplýsingar: Ferðaþjónusta bænda, www.sveit.is.

4. Bláfáninn

Kostir:

- ✓ Alþjóðleg umhverfisvottun
- ✓ Mikil útbreiðsla (3.199 fánar í 37 löndum 2008)
(2585 baðstrendur og 614 hafnir)
- ✓ Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu

Gallar:

- ✓ Vottar aðeins baðstrendur og smábátahafnir
(Að visu eru einnig til Bláfánaveifur fyrir hvalaskoðunarskip og smábáta)

Bláfáninn í íslenskri ferðapjónustu:

(Ath.: Bláfáninn er aðeins veittur eitt sumar í senn)

- ✓ Hafnir:
 - Borgarfjörður eystri (Hafnarhólmahöfn)
 - Stykkishólmur
 - Arnarstapi
 - Suðureyri
- ✓ Baðstrendur:
 - Bláa lónið
 - Ylströndin Nauthólsvík

Nánari upplýsingar: Landvernd, www.landvernd.is/blafaninn.

5. Tún (lífræn vottun)

Kostir:

- ✓ Samræmd vottun, sem byggir á Evrópureglugerð og reglum alþjóðlegra samtaka (IFOAM)
- ✓ Allur ferill afurðanna er vottaður (ræktun-söfnun-pökkun o.s.frv.)
- ✓ Hliðstæð vottun þekkt um allan heim
- ✓ Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu
- ✓ Ört vaxandi markaður

Gallar:

- ✓ Lítil útbreiðsla á Íslandi miðað við nágrannalöndin
- ✓ Lítil stuðningur stjórnvalda við framleiðendur
- ✓ Innan ferðapjónustunnar gæti merkið aðeins nýst veitingastöðum – og hugsanlega heilsulindum

Lífræn vottun í íslenskri ferðapjónustu:

- ✓ Enginn með vottun

Nánari upplýsingar: Vottunarstofan Tún, www.tun.is.

6. ISO 14001

Kostir:

- ✓ Mikil útbreiðsla um allan heim, yfir 100.000 fyrirtæki vottuð
- ✓ Nýtist hvers konar fyrirtækjum og stofnunum
- ✓ Tryggir stöðugar umbætur í umhverfisstarfinu

Gallar:

- ✓ Ekki kröfur um frammistöðu í einstökum umhverfispáttum
- ✓ Vörumerki má ekki nota í markaðssetningu
- ✓ Af mörgum talið þungt í vöfum fyrir smærri fyrirtæki

ISO 14001 í íslenskri ferðapjónustu:

- ✓ Hópbílar og Hagvagnar einir með vottun

Nánari upplýsingar: Vottun hf. og BSI á Íslandi ehf, www.bsiaislandi.is.

7. EMAS

Kostir:

- ✔ Evrópsk reglugerð um umhverfisstjórnunarkerfi (Sbr. Reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS)).
- ✔ Byggir á sama grunni og ISO 14001, en gengur lengra
- ✔ Nýtist hvers konar fyrirtækjum og stofnunum
- ✔ Hægt að nota merkið í markaðssetningu fyrirtækis (ekki vöru)
- ✔ Tryggir stöðugar umbætur í umhverfisstarfinu



Gallar:

- ✔ Ekki kröfur um frammistöðu í einstökum umhverfispáttum
- ✔ Af mörgum talið þungt í vöfum fyrir smærri fyrirtæki

EMAS í íslenskri ferðaþjónustu:

- ✔ Enginn með vottun

Nánari upplýsingar: Umhverfisráðuneytið.

6. Upplýsingar og fræðsla

Það er mikilvægt fyrir ferðapjónustufyrirtæki að upplýsa um það sem þau hafa að bjóða, ekki aðeins um þjónustuna, heldur einnig um þær áherslur sem fyrirtækin vilja vera þekkt fyrir. Upplýsingar og fræðsla um umhverfismál hljóta að vega sífellt þyngra í þessu sambandi. Bæði verða fyrirtækin sjálf smám saman meðvitaðri um áhrif sín og ábyrgð í umhverfismálum, og eins bendir flest til að umhverfisleg frammistaða fyrirtækjanna hafi í vaxandi mæli áhrif á samkeppnisstöðu þeirra og afkomumöguleika.

Ekki er nóg að beina upplýsingum um umhverfismál ferðapjónustufyrirtækja til gesta, heldur skiptir líka miklu máli að starfsfólk sé meðvitað um áherslur viðkomandi fyrirtækis í umhverfismálum, geti unnið innan þess ramma sem þar er settur og sé í stakk búið til að miðla upplýsingunum áfram til gesta og annarra.

Starfsfólkið er það sem gestirnir sjá og dæma fyrirtækið út frá. Starfsmannaskipti eru mjög ör í ferðapjónustu á Íslandi, enda oft um að ræða námsmenn og sumarafleysingafólk sem vinnur aðeins í stuttan tíma. Þess vegna er nýliðafræðsla gríðarlega mikilvæg. Bráðnauðsynlegt er að kynna nýju fólki umhverfismál og umhverfisáherslur fyrirtækisins strax í upphafi. Vel upplýst starfsfólk bætir upplifun gesta og styrkir stöðu fyrirtækisins. Engin þjónusta getur keppt við persónulega þjónustu.

Það skiptir líka miklu máli að halda góðu sambandi við sveitarstjórn, nágranna og aðra hagsmunaðila í heimahéraði og annars staðar. Í grófum dráttum má því segja að upplýsingarnar eigi erindi við þrjá hópa:

- ✔ Gestir
- ✔ Starfsfólk
- ✔ Sveitarfélag, íbúa þess og aðra hagsmunaðila

Miðlun upplýsinga og fræðslu getur verið með ýmsum hætti. Hún getur fyrir það fyrsta verið formleg, svo sem með námskeiðahaldi, útgáfu bæklinga, verklagsreglna fyrir starfsfólk, leiðbeininga til gesta o.s.frv. Hins vegar á miðlun upplýsinga og fræðslu sér alltaf einnig stað með óformlegum hætti, þar sem innihaldinu er komið á framfæri munnlega hvenær sem færi gefst. Í þessu sambandi er fræðslan fyrir starfsfólk sérlega mikilvæg, til þess að það geti svarað spurningum gesta og bent á eitt og annað sem til framfara horfir, enda þótt enginn bæklingur sé við hendina.

Sem dæmi um tilgang umhverfisupplýsinga má nefna eftirfarandi:

- ✔ Kynning á ímynd og gildum fyrirtækisins
- ✔ Kynning á starfseminni og því sem í boði er, t.d. flokkunarmöguleikum
- ✔ Viðleitni til að hafa jákvæð áhrif á viðhorf og hegðun starfsmanna, gesta og annarra

Sem dæmi um innihald má nefna eftirfarandi:

- ✔ Umhverfisstefna fyrirtækisins
- ✔ Umhverfisstarfið, t.d. grænt bókhald
- ✔ Einfaldar leiðbeiningar, t.d. um flokkun úrgangs eða notkun handklæða
- ✔ Upplýsingar um samfélag, menningu og staðhætti
- ✔ Upplýsingar um friðlýst svæði í nágrenninu

7. Nánari upplýsingar og heimildir

Eftirfarandi vefsíður koma að góðu gagni fyrir þá sem vilja fræðast meira um efni þessarar handbókar, eða um umhverfismál almennt. Fróðleik af þessu tagi er víða að finna, og því er listinn langt frá því að vera tæmandi.

- 🌱 100 mílna kúrin: www.100milediet.org
- 🌱 Alþjóðaferðamálastofnunin, UNWTO: www.unwto.org
- 🌱 Beint frá býli: www.beintfrabyli.is
- 🌱 Bláfáninn: www.landvernd.is/blafaninn
- 🌱 Evrópublómíð: www.ust.is/Umhverfismerki/Blomid
- 🌱 Fairtrade: Upplýsingar á íslensku: www.help.is/?fraedsluefni/fairtrade
- 🌱 Fairtrade Labelling Organisation: www.fairtrade.net
- 🌱 Ferðamálastofa: www.ferdamalastofa.is
- 🌱 Ferðaþjónusta bænda: www.sveit.is
- 🌱 Green Globe: www.ec3global.com/products-programs/green-globe
- 🌱 Hjálparstarf kirkjunnar: www.help.is
- 🌱 Kolviður: www.kolvidur.is
- 🌱 Landsvirkjun: Að spara rafmagn: www.lv.is/article.asp?catID=419&ArtId=732
- 🌱 Landvernd: www.landvernd.is
- 🌱 Náttúran.is: Fréttir, fróðleikur og vefverslun: www.nattura.is
- 🌱 Nærætur: www.locavores.com
- 🌱 Orkusalan – Orkusparnaður: www.orkusalan.is/orkusparnadur
- 🌱 Orkusetur: Reiknivélar fyrir bifreiðar, rafmagn o.fl.: www.orkusetur.is
- 🌱 RARIK – Holl ráð: www.rarik.is/hollradfyrirtaeki
- 🌱 Rauði kross Íslands – Fatasöfnun o.fl.: www.redcross.is
- 🌱 SAF, Samtök ferðaþjónustunnar: www.saf.is
- 🌱 Símenntunarmiðstöð Vesturlands: www.simenntun.is
- 🌱 Slow Food á Íslandi: www.slowfood.is
- 🌱 Sorpa – Fróðleikur um úrgangsmál: www.sorpa.is
- 🌱 Staðardagskrá 21 á Íslandi – Orð dagsins: www.samband.is/dagskra21
- 🌱 Starfsmenntasjóður: www.starfsmenntarad.is
- 🌱 Svanurinn: www.svanurinn.is
- 🌱 Umhverfisráðuneytið: www.umhverfisraduneyti.is
- 🌱 Umhverfisstofnun: www.ust.is
- 🌱 UMÍS ehf. Environice – Fróðleikur: www.umis.is
- 🌱 Vistvæn innkaup: www.vinn.is
- 🌱 Vottunarstofan Tún: www.tun.is

